# FRÉTTABLAÐIÐ

81. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 5. APRÍL 2019




Svört skýrsla innri endurskoðunar um framúrkeyrslu á ýmsum verkefnum borgarinnar var kynnt í borgarstjórn í dag. Þó var létt yfir þeim Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Pétri Ólafssyni, aðstoðarmanni hans, fyrir fundinn. Í forgrunni má sjá borgarfulltrúann Vigdísi Hauksdóttur sem staðið hefur vaktina gagnvart framkvæmdunum. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Undrast asa við frágang kjarasamninga

**Formaður Eflingar segir að félagið hafi verið í virkum samningaviðræðum við Samtök atvinnulífsins alveg fram á síðustu stundu fyrir undirskrift. Náðst hafi fram mikilvæg atriði á lokametrunum. Ekki sátt um auknar heimildir trúnaðarmanna á vinnustöðum.**

**KJARAMÁL** „Efling var bara í virkum og lifandi samningaviðræðum við Samtök atvinnulífsins alveg fram á síðustu stundu. Þess vegna var ekki hægt að skrifa undir,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Lífskjarasamningar SA og aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins og Landssambands íslenskra verslunarmanna voru undirritaðir á ellefta tímanum á miðvikudagskvöld. Undirritunarinnar hafði þá verið beðið frá því á mánudagskvöld þegar samkomulag náðist um meginlínur og verkföllum var aflýst.

Til stóð að skrifa undir samninga klukkan 15 á miðvikudag en eins og áður segir frestaðist það fram á kvöld. Þá var sagt að einungis væri verið að fínpússa texta samninganna og ganga frá lausum endum og engin ágreiningsefni væru til staðar.

Sólveig Anna segir hins vegar að fram á síðustu stundu hafi Efling verið að semja um hluti sem þau álíti mjög mikilvæga.

„Ég undrast mjög þennan asa sem fór af stað. Ég viðurkenni reynsluleysi mitt en þegar svona alvarlegur hlutur eins og að ganga frá kjarasamningi fyrir gríðarlega stóran hóp af fólki er annars vegar finnst mér að gefa eigi öllum þann tíma sem til þarf til að hægt sé að klára þetta á ásættanlegan máta.“

Sólveig Anna segir að á lokametrunum hafi Efling náð fram mikilvægum atriðum. „Ég er mjög stolt af því sem við náðum fram þarna undir það síðasta. Við náðum fram ákvæði sem snýr að aukinni vernd fyrir fólk sem tekur virkan þátt í störfum stéttarfélaga og því að fyrirtæki tryggi túlkun þegar um miðlun mjög mikilvægra upplýsinga er að ræða.“ Hins vegar hafi ekki náðst saman um kafla um verulega auknar heimildir trúnaðarmanna á vinnustöðum.

Kynningar á innihaldi samninganna fyrir félagsmönnum þeirra stéttarfélaga sem eiga aðild að þeim verða í næstu viku. Í kjölfarið verður svo boðað til allsherjaratkvæðagreiðslu um samningana.

**– sar** / **sjá síðu 6**

## Orðaður við Þjóðleikhúsið

**MENNING** Nafn Magnúsar Geirs Þórðarsonar útvarpsstjóra er á vörum allra sem Fréttablaðið hefur rætt við um stöðu þjóðleikhússtjóra, sem auglýst verður á næstunni. Skipunartími þjóðleikhússtjóra rennur sitt skeið um áramót og samkvæmt leiklistarlögum er skylt að auglýsa stöðuna í lok hvers skipunartímabils. Engar hömlur eru þó settar í lögum um framlengingu á skipun í stöðuna.



„Mér finnst ganga vel og það er auðvitað hvatning fyrir mann að halda áfram,“ segir Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri.

**– aá** / **sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra skrifar um velsæld á traustum grunni. **13**

**SPORT** Stefnum á annað sætið í undankeppni EM 2020. **16**

**MENNING** Undankeppnin fyrir Dance World Cup var í fyrsta sinn haldin hér á landi. Sjálf keppnin fer fram í Portúgal. **22**



**LÍFIÐ** Kolbrúnu K. Daníelsdóttur finnst stórmerkilegt að Proclaimers-tvíburinn Craig Reid muni enn eftir því þegar hún vatt sér að honum í London 1988. **28**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● SJÓSPORT**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





VIÐ BREYTUM
VIÐ FLYTJUM

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*

VIÐ LOKUM VERSLUNINNI
Á LAUGAVEGI 178,
**17. APRÍL KL.18:00.**

MATAR- OG KAFFISTELL, GLÖS,
IITTALA, RÚMFÖT, SPEGLAR
OG FLEIRA.

Tékk KRISTALL

**Laugavegi 178**
**Allar nánari upplýsingar í síma 568 9955**

*Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðsvörum.

## Veður




Snýst í norðaustan 3-8 í dag, en 8-13 norðvestanlands síðdegis og einnig við suðausturströndina. Skýjað og sums staðar lítilsháttar slydda eða snjókoma norðan til á landinu en bjartviðri syðra. SJÁ SÍÐU 20




VIS-kerfið heldur utan um ferðir fólks innan Schengen-svæðisins.

# Efla eftirlit með útlendingum

**STJÓRNSÝSLA** Heimilt verður að leita að og bera kennsl á útlendinga sem hingað koma á grundvelli fingrafaraleitar í VIS-upplýsingakerfinu samkvæmt nýju reglugerðarákvæði sem dómsmálaráðherra hefur birt til kynningar á samráðsvef stjórnvalda. Um er að ræða eftirlitskerfi á vegum Evrópusambandsins sem ætlað er að koma auga á ólöglega innflytjendur en kerfið getur borið kennsl á ferðir fólks innan Schengen-svæðið eftir að vegabréfsáritun þess rennur út.

Í kynningu á samráðsvef Stjórnarráðsins segir að full þörf sé talin á að fingrafaraleit fari fram í VIS-upplýsingakerfinu í ljósi fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd sem koma frá ríkjum þar sem gerð er krafa um vegabréfsáritun og umsækjenda sem eru án skilríkja, framvísa fölsuðum skilríkjum eða skilríkjum annars manns.

Samkvæmt reglugerðinni verður það Útlendingastofnunar að taka ákvörðun um hvort fingrafaraleit skuli fara fram en lögreglu yrði falið að annast framkvæmdina og senda gögn þar um til ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri mun annast samskipti við miðlægan gagnagrunn VIS-upplýsingakerfisins og upplýsir Útlendingastofnun um niðurstöðu leitar. **– aá**

# Sigið við græna þúfu




Listaverkið vinsæla Þúfa fékk í gær nauðsynlega yfirhalningu fyrir komandi ágang erlendra ferðamanna með hækkandi sól. Í því fólst meðal annars að fletta af verkinu grasklæðningunni og sigu síðan verkamenn niður eftir því og sinntu sínu hefðbundna viðhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bezos verður sú þriðja ríkasta

**BANDARÍKIN** Jeff Bezos, ríkasti maður heims og stofnandi Amazon, og rithöfundurinn MacKenzie Bezos tilkynntu í gær að þau hefðu komist að skilnaðarsamkomulagi. Við skilnaðinn heldur MacKenzie fjögurra prósenta hlut í Amazon en gerir ekki tilkall til hlutar í Washington Post né geimferðafyrirtækinu Blue Origin. Þessi fjögurra prósenta hlutur og aðrar eignir MacKenzie eru metnar á 35 milljarða dala hið minnsta samkvæmt erlendum miðlum, andvirði um 4,16 billjóna króna.

Bezos verður hins vegar ekki nema þriðja ríkasta kona heims. Eignir hinnar frönsku Francoise Bettencourt Meyers eru metnar á tæpa 50 milljarða Bandaríkjadala samkvæmt Forbes. Meyers er erfingi snyrtivöruveldisins L'Oréal. Þá er Alice Walton, dóttir Walmart-stofnandans Sams Walton, einnig ríkari samkvæmt Forbes. Eignir hennar eru metnar á rúmlega 44 milljarða dala. **– þea**




# Útvarpsstjóri orðaður við leikhússtjórn á ný

**Staða þjóðleikhússtjóra verður auglýst í sumar. Ari Matthíasson sækist eftir endurráðningu í starfið sem hann hefur gegnt undanfarin ár. Nafn Magnúsar Geirs Þórðarsonar útvarpsstjóra er þó á flestra vörum í leikhúsgeiranum.**

**MENNING** Nafn Magnúsar Geirs Þórðarsonar útvarpsstjóra er á vörum allra sem Fréttablaðið hefur rætt við um stöðu þjóðleikhússtjóra, sem auglýst verður á næstunni. Skipunartími þjóðleikhússtjóra rennur sitt skeið um áramót og samkvæmt leiklistarlögum er skylt að auglýsa stöðuna í lok hvers skipunartímabils. Engar hömlur eru þó settar í lögum um framlengingu á skipun í stöðuna og hafa þjóðleikhússtjórar oft gegnt stöðunni í áratug og jafnvel lengur.

„Mér finnst ganga vel og það er auðvitað hvatning fyrir mann að halda áfram,“ segir Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri. „Það var meiri aðsókn í Þjóðleikhúsið á síðasta ári heldur en í meira en fjörutíu ár þar á undan og fyrstu þrír mánuðir þessa árs eru með meiri aðsókn en á metárinu í fyrra,“ bætir Ari við og gerir ráð fyrir að sækjast eftir því að halda áfram í leikhúsinu. Hann segir leikhúsið hafa verið rekið með hagnaði frá því hann tók við stöðunni og stemninguna góða hjá starfsfólkinu. Hann vísar í könnun sem gerð var meðal helstu sviðslistastofnana landsins í mars í fyrra. „Þar kom Þjóðleikhúsið mjög vel út og eiginlega best hvað varðar traust á yfirstjórn og starfsánægju.“

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við og hafa haldið nafni Magnúsar Geirs á lofti segja mikinn áhuga á honum meðal alls leikhúsfólks enda hafi hann stýrt Borgarleikhúsinu af miklum glæsibrag. Magnús gegndi stöðu leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar frá 2004 til 2008 þegar hann var ráðinn til Borgarleikhússins sem hann stýrði þar til hann var ráðinn útvarpsstjóri árið 2014.

„Ég er í öðru krefjandi starfi núna,“ segir Magnús Geir, aðspurður um áhuga á að snúa aftur í leikhúsið. Magnús er á sínu sjötta ári í stöðu útvarpsstjóra en hann var endurráðinn um síðustu áramót. „Það eru engin áform um breytingar á því enda fjölmörg spennandi verkefni fram undan,“ segir hann.



Útvarpsstjóri hefur mikla reynslu af leikhússtjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Ari Matthíasson, þjóðleikhússtjóri.**

Mjög sterk hefð er fyrir endurnýjun skipunar sitjandi leikhússtjóra, sækist hann á annað borð eftir að gegna henni áfram. Þetta er gagnrýnt meðal leiklistarfólks sem Fréttablaðið ræddi við, án þess þó að sú gagnrýni beinist að sitjandi leikhússtjóra, heldur rifjað upp að Stefán Baldursson hafi gegnt stöðunni í fimmtán ár en svo langur tími samsvari í raun lunganum úr heilli starfsævi leikara. Fyrir leikara sem ekki er í náðinni hjá leikhússtjóra stærsta leikhúss landsins geti það haft afdrifaríkáhrif á allan hans feril ef viðkomandi leikhússtjóri er þrásetinn í starfi.

„Ráðherrar koma og fara. Af hverju ekki leikhússtjórar?“ varð einum viðmælanda blaðsins að orði.

Einnig hefur verið nefnt að gagnlegt kynni að vera að fá vanan leikhússtjóra utan úr heimi, sem hrist geti upp í íslensku leiklistarlífi. Einhvern sem stendur fyrir utan allar klíkur og kunningjahópa og flytti með sér ferska strauma að utan.

adalheidur@frettabladid.is


LANGT FRAM ÚR VÆNTINGUM
VINSÆLASTI BÍLLINN 2018
OUTLANDER PHEV
Á EINSTAKLINGS-& FYRIRTÆKJAMARKAÐI
OUTLANDER PHEV
**Vinsælasti bíllinn á Íslandi** hefur nú fengið skarpara útlit, meiri íburð, lengri drægni, meira afl, aukið akstursöryggi og margt fleira.
Aukahlutir að verðmæti 350.000 kr. fylgja með öllum Mitsubishi út apríl!
OUTLANDER PHEV
Mitsubishi Outlander PHEV er sannarlega einn með öllu. Þessi fullvaxni tengiltvinnbíll skartar háþróuðum tæknilausnum og miklu akstursöryggi. Hann er rúmgóður, vistvænn, kraftmikill og ótrúlega hagkvæmur í rekstri með lágmarkseyðslu allt niður í 2.0 l/100 km* – svo er hann á verði sem slær allt út. Nú fylgir páskapakki með öllum Mitsubishi; aukahlutir að eigin vali fyrir 350.000 kr. Komdu og kynntu þér vinsælasta bílinn á Íslandi.
Verð frá **4.690.000** kr.
*Skv. WLTP viðurkenndri mælingu.
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

# Skúli Mogensen snýr aftur og vill endurreisa WOW air

**VIÐSKIPTI** Skúli Mogensen og helstu lykilstarfsmenn WOW air, sem var tekið til gjaldþrotaskipta í síðustu viku, hyggjast endurvekja rekstur flugfélagsins. Þeir leita nú fjármögnunar upp á 40 milljónir dala, jafnvirði um 4,8 milljarða króna, til þess að standa straum af rekstrinum fyrstu misserin. Frá þessu greindi Fréttablaðið.is fyrst fjölmiðla í gær.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í fjárfestakynningu, dagsettri í fyrradag, sem Skúli hefur látið útbúa um nýja lággjaldaflugfélagið. Stefni félagið að því að reka harða lággjaldastefnu í líkingu við þá sem WOW air hafi rekið með góðum árangri á fyrstu árum þess.

Í kynningunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að nýja félagið muni til að byrja



Skúli Mogensen.

með, eftir að hafa sótt sér flugrekstrarleyfi, reka fimm Airbus-farþegaþotur. Fyrstu tólf vikurnar stefni nýja félagið að því að sinna leiguverkefnum fyrir stórt evrópskt flugfélag en í lok næsta júnímánaðar sé gert ráð fyrir að vélar félagsins fljúgi frá Keflavíkurflugvelli til þrettán áfangastaða víðs vegar í Evrópu og Norður-Ameríku.

Skúli og aðrir sem munu koma að stofnun félagsins, svo sem lykilstarfsmenn WOW air, munu eiga 51 prósents hlut í nýja félaginu á meðan þeir fjárfestar sem leggja félaginu til 40 milljónir dala munu fara með 49 prósenta hlut, að því er fram kemur í kynningunni.

Í fjárfestakynningunni er sérstaklega tekið fram að framkvæmdastjórn félagsins muni taka á sig þrjátíu prósenta launalækkun fyrsta rekstrarárið. Nánar má lesa um málið á Fréttablaðið.is. **– hae / kij**

## Ljúka síður framhaldsskóla

**MENNTUN** Tæp 24 prósent ungmenna á aldrinum 18 til 22 ára með íslenskan bakgrunn hafa útskrifast úr skóla á framhaldsskólastigi. Hlutfallið er töluvert lægra sé litið til innflytjenda en aðeins átta prósent þeirra hafa útskrifast á sama skólastigi.

Hagstofan hefur í fyrsta sinn birt upplýsingar um brautskráningar nemenda eftir bakgrunni þeirra. Hlutfall brautskráðra ungmenna er einnig lægra meðal þeirra sem fædd-ir eru erlendis og annað foreldrið er erlent eða 16,5 prósent.

Í þessu teljast þeir einstaklingar til innflytjenda sem eru fæddir erlendis og eiga báða foreldra af erlendum uppruna. Einnig skiptinemar, sem koma til styttri dvalar á Íslandi. **– aá**



**Jón Gerald.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Greiðslum til Jóns Geralds rift

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur rift þremur greiðslum upp á ríflega 11,7 milljónir króna sem félagið 12.12.2017, áður Kostur, innti af hendi til félags á vegum Jóns Geralds Sullenberger, stofnanda matvöruverslunarinnar, um einum mánuði áður en verslunin var tekin til gjaldþrotaskipta.

Er félaginu og Jóni Gerald gert að endurgreiða þrotabúi 12.12.2017 fjárhæðina með vöxtum og dráttarvöxtum.

Dómurinn taldi ljóst að 12.12.2017 hefði verið ógjaldfært þegar greiðslurnar voru inntar af hendi til Nordica Inc. og Jóni Gerald hefði mátt var það ljóst. **– kij**

# Vilja fá sálfræðinga í skóla strax í haust til að bæta líðan

**Samfylkingin leggur fram þingsályktunartillögu um fría sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskólanema. Þetta er í fjórða sinn sem tillagan er lögð fram. Þingmaður er bjartsýnn á að tillagan nái fram að ganga. Segir hann tillöguna ekki kalla á hreina kostnaðaraukningu þar sem svigrúm sé til forgangsröðunar.**

**SKÓLAMÁL** Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að mennta-málaráðherra verði falið að tryggja öllum framhaldsskólanemendum frítt aðgengi að sálfræðiþjónustu. Þetta er í fjórða sinn sem slík tillaga er lögð fram á síðustu árum. Fyrstu tvær tillögurnar voru sendar til velferðarnefndar þar sem þær dagaði uppi.

Guðjón S. Brjánsson segist vera sé bjartsýnn á að tillagan fái brautargengi. „Ef hún fær það ekki nú á vorþingi, þá munum við endurflytja hana í haust. Við þurfum að leita allra leiða í þeirri viðleitni að bæta líðan stórra hópa ungs fólks, ekki síst þeirra sem eru í námi,“ segir Guðjón.

Landlæknir, Landspítalinn og Barnaheill sendu inn jákvæðar umsagnir síðast þegar tillagan kom inn á borð velferðarnefndar. Skólameistarar Flensborgar og Kvennaskólans studdu einnig tillöguna og sögðu þörfina mikla. Guðjón segir vafasamt að Íslendingar eigi met í brottfalli í samanburði við nágrannalöndin.

Tillagan felur í sér að strax í haust verði allir framhaldsskólanemar, alls meira en 20 þúsund nemendur, komnir með aðgang að sálfræðingi sér að kostnaðarlausu. Aðspurður hvort það sé raunhæft segir Guðjón að hægt verði að stíga fyrstu skrefin í haust. „Auðvitað þarf að skipuleggja þjónustuna en það er hægt að byrja róðurinn strax.“ Bæta þurfi líðan nemenda. „Þetta eru knýjandi málefni, stundum eru líf í húfi.“

Óvíst er hvað þetta kallar á marga sálfræðinga en það er sett í hendur ráðherra. Í tillögunni sjálfri er gert



**Skólameistarar sem sent hafa inn umsagnir vegna sálfræðiþjónustu segja þörfina mikla.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Eitt stöðugildi sálfræðings kostar ekki undir 12 milljónum króna á ári en það er fé sem ávaxtar sig vel.**
>
> Guðjón S. Brjánsson, þingmaður Samfylkingarinnar



ráð fyrir einum sálfræðingi á hverja 700 nemendur, eða rúmlega 30 stöðugildi. Í umsögn Félags framhaldsskólakennara er hámarkið miðað við 300 nemendur á hvern sálfræðing, eða meira en 70 stöðugildi.

Guðjón telur að uppbyggingin kalli alls ekki á hreina kostnaðaraukningu frá því sem nú er. „Geðheilbrigðisstefna ráðherra er fjármögnuð en í ýmsa þætti hennar veitti ráðherra nýlega 630 milljónir króna og þar ætti að finnast svigrúm til forgangsröðunar til þessa þáttar,“ segir Guðjón. Einnig sé möguleiki á samstarfsverkefnum milli skólanna og heilsugæslunnar. „Auðvitað kostar þessi faglega þjónusta, sem þarf að vera nátengd skólastarfinu sjálfu, talsverða peninga. Eitt stöðugildi sálfræðings kostar ekki undir 12 milljónum króna á ári en það er fé sem ávaxtar sig vel, bæði gagnvart velferð og lífi nemendanna sjálfra og öllu skólastarfi.“ **arib@frettabladid.is**




# Byggðarráð undrast seinagang ráðherra

**STJÓRNSÝSLA** Sveitarstjórn Húnaþings vestra gagnrýnir seinagang Lilju Alfreðsdóttur sem hefur ekki staðfest Borðeyri sem verndarsvæði í byggð en tíu mánuðir eru síðan sveitarstjórn óskaði eftir því við stjórnvöld. Sveitarstjóri Húnaþings vestra segir þennan drátt hamla allri uppbyggingu á svæðinu.

Sveitarstjórnin samþykkti þann 19. maí á síðasta ári tillögu um að hluti Borðeyrar yrði verndarsvæði í byggð vegna menningarsögulegs gildis staðarins. Með verndarsvæði í byggð yrði auðveldara að vernda sérkenni byggðakjarnans.

„Nú 10 mánuðum síðar hefur ráðherra ekki enn skrifað undir staðfestingu þrátt fyrir að Minjastofnun hafi sent inn sína umsögn og mælt með staðfestingu. Þessi töf hefur hamlað skipulagsvinnu á Borðeyri og uppbyggingu ferðaþjónustu í Hrútafirði. Byggðarráð harmar þessi vinnubrögð og hvetur ráðherra til að klára málið hið fyrsta,“ segir í bókun byggðarráðs um málið.



**Sveitarstjórnin gagnrýnir seinagang ráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðný Hrund Karlsdóttir er sveitarstjóri í Húnaþingi vestra. Hún segir þessa bið bagalega. „Það er alveg ljóst að á meðan við fáum ekki staðfestinguna þá getum við ekki farið í nauðsynlega deiliskipulagsvinnu og annað sem snertir svæðið. Hér er um að ræða einn merkasta verslunarstað landsins í aldir og því mikilvægt að byggja upp ferðaþjónustu og annað í kringum Borðeyri,“ segir Guðný Hrund. Markmið laga um verndarsvæði í byggð var að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi hér á landi og var samþykkt árið 2015. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, mælti fyrir þessu lagafrumvarpi og barðist fyrir því að hægt væri að skilgreina merk svæði sem verndarsvæði þótt þau væru í byggð. **– sa**




Husqvarna Opal 690



Verð áður 134.900 kr.
**Tilboð: 114.900 Kr.**

Brother NV10



Verð áður 54.900 kr.
**Tilboð: 44.900 kr.**

Husqvarna Emerald 118



Verð áður 64.900 kr.
**Tilboð: 54.900 kr.**

Brother 1034D



Verð áður 54.900 kr.
**Tilboð: 44.900 kr.**

Leikjatól GameONE



Verð áður 23.900 kr.
**Tilboð: 16.900 kr.**

Tapparnir sem allir tala um



Verð áður 39.800 kr.
**Tilboð: 29.800 kr.**

Heyrnartól - samanbrjótanleg



Verð áður 8.900 kr.
**Tilboð: 4.900 kr.**

Sennheiser Bluetooth



Verð áður 13.900 kr.
**Tilboð: 8.900 kr.**

Framúrskarandi fyrirtæki 2010–2018

PFAFF • Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími: 414 0400 • www.pfaff.is

HYUNDAI Notaðir

# ALLT AÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Eigum nokkra yfirfarna nýlega Hyundai hjá okkur í Kauptúni 1, Garðabæ sem eru enn í ábyrgð. Komdu og gerðu frábær kaup!

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR




**HYUNDAI i30 Classic**
Nýskr. 08/16, ekinn 46 þ.km, bensín, beinskiptur.
**VERÐ: 2.290.000 kr.**




**HYUNDAI KONA Premium**
Nýskr. 04/18, ekinn 9 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ: 4.990.000 kr.**




**HYUNDAI Tucson Style**
Nýskr. 03/17, ekinn 37 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ: 4.690.000 kr.**




**HYUNDAI Tucson Premium**
Nýskr. 05/18, ekinn 10 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ: 5.690.000 kr.**




**HYUNDAI Santa Fe III Style**
Nýskr. 04/17, ekinn 25 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ: 6.490.000 kr.**




**HYUNDAI i20 Premium**
Nýskr. 06/17, ekinn 19 þ.km, dísil, beinskiptur.
**VERÐ: 2.550.000 kr.**




**HYUNDAI i10 Premium**
Nýskr. 04/18, ekinn 7 þ.km, bensín, beinskiptur.
**VERÐ: 2.090.000 kr.**




**HYUNDAI IONIQ Style**
Nýskr. 01/19, ekinn 1 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ: 4.390.000 kr.**

HYUNDAI bílaland

Hyundai notaðir bílar
Kauptúni 1 - 210 Garðabæ

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík

Sími: 575 1200 - bilaland@bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 virka daga og á laugardögum frá kl. 12–16.**

ENNEMM / SÍA / NM93360





**Fram undan eru kynningar og atkvæðagreiðslur um lífskjarasamningana sem gilda eiga til 2022.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Undirbúa kynningar og atkvæðagreiðslur

**Lífskjarasamningar verða kynntir fyrir félagsmönnum verkalýðsfélaga í næstu viku. Í kjölfarið munu félagsmenn SGS og LÍV greiða atkvæði um þá. Formaður VR blæs á gagnrýni á endurskoðunarákvæði tengt vaxtalækkun.**

**KJARAMÁL** Um hundrað þúsund félagsmenn aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins (SGS) og Landssambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) munu greiða atkvæði um lífskjarasamningana sem undirritaðir voru á miðvikudagskvöld.

Kjörstjórn SGS kom saman í gær til að fara yfir framhaldið. Í dag verður svo haldinn formannafundur þar sem tekin verður afstaða til fyrirkomulags, forms og framkvæmdar atkvæðagreiðslunnar.

Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri SGS, segir enn ekki ljóst hvort haldin verði ein atkvæðagreiðsla fyrir alla félagsmenn eða hvort hvert hinna 19 aðildarfélaga greiði atkvæði sérstaklega.

Efling hefur boðað til þriggja kynningarfunda í næstu viku. Kynning á íslensku verður á þriðjudagskvöld, á ensku á miðvikudagskvöld og á pólsku á fimmtudagskvöld.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir að kynningarfundur fyrir félagsmenn verði næstkomandi mánudagskvöld. Ekki sé alveg komið á hreint hvernig atkvæðagreiðslu verði háttað en líklega greiði félagsmenn VR atkvæði sér og aðrir félagsmenn í LÍV sér.

> **Hvar var þetta fólk þegar Seðlabankinn var að gagnrýna verkalýðshreyfinguna og stilla henni upp við vegg?**
>
> Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Stefnt er að því að rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla hefjist eftir miðja næstu viku og mun hún standa í nokkra daga.

Í gær kom fram nokkur gagnrýni á sérstakt endurskoðunarákvæði samninganna ef Seðlabankinn lækkar ekki vexti. Segist Kjarninn hafa heimildir fyrir því að stýrivextir þurfi að vera komnir niður í 3,75 prósent fyrir september 2020 til að samningar haldi. Stýrivextir eru í dag 4,5 prósent.

Ragnar Þór vildi ekki staðfesta þessar vaxtatölur. Hann telur fáránlega þá gagnrýni að með þessu sé vegið að sjálfstæði Seðlabankans en meðal þeirra sem töluðu á þessum nótum voru Þorsteinn Víglundsson, varaformaður Viðreisnar, Gylfi Zoega, hagfræðiprófessor og nefndarmaður í peningastefnunefnd, og Gylfi Magnússon, formaður bankaráðs Seðlabankans.

„Hvar var þetta fólk þegar Seðlabankinn var að gagnrýna verkalýðshreyfinguna og stilla henni upp við vegg?“ spyr Ragnar Þór.

Hann segir að umrætt ákvæði sé einfaldlega hluti af þríþættum forsendum samninga. „Við erum með forsendur varðandi vaxtastigið, við erum með forsendur varðandi kaupmáttinn og við erum með forsendur gagnvart loforðum ríkisstjórnarinnar.“

Ragnar Þór segir verkalýðshreyfinguna hafa verið tilbúna til að taka þátt í breyttum aðstæðum í hagkerfinu og leggja sitt af mörkum. „En þetta viljum við fá í staðinn og ef við fáum það ekki þá eru forsendur okkar félagsmanna með þessar launahækkanir og kjarabætur brostnar. Þá fáum við annaðhvort einhverjar bætur fyrir það eða förum aftur að teikniborðinu og segjum samningunum upp.“

**sighvatur@frettabladid.is**

# Ákærður fyrir vopnað rán á Akureyri

**LÖGREGLUMÁL** Héraðssaksóknari hefur ákært mann, búsettan í Reykjavík, fyrir að hafa ráðist að barþjóni á Café Amour á Akureyri í apríl árið 2018. Var hann vopnaður hnífi og hótaði henni að ef hún afhenti honum ekki fjármuni úr sjóðvél staðarins myndi hún hafa verra af.

Það var laugardaginn 9. apríl sem maðurinn kom inn á skemmtistaðinn vopnaður tveimur hnífum og ógnaði þar starfsmanninum, um tvítugri stúlku. Lögreglan var skjót á vettvang og náði á staðinn áður en hann yfirgaf skemmtistaðinn. Ræninginn hlýddi hins vegar ekki fyrirmælum lögreglu og hótaði að drepa lögreglumennina með eggvopnunum sem hann hafði meðferðis. Er hann einnig ákærður fyrir þau brot gegn lögreglulögum og valdstjórninni.




**Maðurinn veittist að barþjóni á Akureyri í apríl í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Maðurinn, sem nokkuð oft hefur komið við sögu hjá lögreglunni áður og er henni kunnugur, er einnig ákærður af héraðssaksóknara fyrir brot sem hann framdi þremur vikum áður er hann hótaði lögreglumönnum lífláti við skyldustörf þegar honum var ekið undir áhrifum á lögreglustöð.

Maðurinn gæti átt yfir höfði sér fangelsisdóm fyrir brot þessi, verði hann fundinn sekur. Þess er jafnframt krafist að hann fái ekki aftur umrædd vopn sem tekin voru af honum í aðgerðum lögreglu þennan dag. **– sa**










BRUNCH HLAÐBORÐ
Á SPÍRUNNI
FRÁ 11 TIL 15
UM HELGAR

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Óásættanleg framúrkeyrsla í borginni

**Innri endurskoðun skilaði borgarráði skýrslu um fjórar framkvæmdir á vegum borgarinnar. Mathöllin á Hlemmi fór tugi milljóna fram úr fjárheimildum. Forseti borgarstjórnar segir ábendingarnar góðar. Vigdís Hauksdóttir segir skýrsluna enn einn áfellisdóm.**

**BORGARMÁL** Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar segir framúrkeyrslu kostnaðar við framkvæmdir við Mathöllina á Hlemmi óásættanlega og gefur borginni rauða ábendingu í skýrslu sem kynnt var fyrir borgarráði í gær. Þar segir að kostnaður vegna eftirlits með framkvæmdum hafi í öllum tilfellum verið vanáætlaður og svo virðist sem áætlanir um það hafi einungis verið til málamynda.

Í skýrslunni er fjallað um fjögur verkefni á vegum borgarinnar sem fóru af stað á síðasta kjörtímabili. Viðbyggingu við Sundhöll Reykjavíkur, gerð hjólastígs við Grensásveg, viðbyggingu við Vesturbæjarskóla og Mathöllina við Hlemm.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, sagði að loknum fundi borgarráðs að það væri margt bogið við framkvæmdir á vegum borgarinnar. Skortur væri á útboðum, kostnaðaráætlanir væru of lágar og nú væru þrír eftirlitsaðilar að skoða framkvæmdir borgarinnar. Þar að auki hefði Mathöllin farið fram úr fjárheimildum sem stangast á við sveitarstjórnarlög. Hann segir að tvennt þurfi að gera. „Fyrst þarf að viðurkenna undanbragðalaust að hlutirnir séu ekki í lagi, ekki koma með einhverjar túlkanir. Kerfið er allt of flókið. Það er svo mikið af stýrihópum og stjórnendum að verkefnin, og ábendingar týnast og eru eftirlitslaus,“ segir Eyþór.

Hann gerir athugasemdir við það meirihlutinn miði við seinni kostnaðarmöt en ekki það fyrsta. „Það er ákveðin lenska að verkefni byrji með lágri kostnaðaráætlun, svo er gerð önnur þar sem kostnaðurinn hækkar, svo önnur og kannski ein í viðbót. Ítalir kalla þetta salamiaðferðina. Setja vondu fréttirnar í bita. Þetta verður til þess að verkefni fara af stað sem hefðu kannski ekki átt að fara af stað.“

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar, segir ábendingar innri endurskoðanda góðar og þær fari beint inn í vinnu meirihlutans við að endurskilgreina miðlæga stjórnsýslu. Hún bendir á að framkvæmdirnar sem um ræðir séu þróunarverkefni, eða í endurbyggingum. Verkefni sem sé tæknilega flóknara að áætla en önnur. „Það var búið að vera með alls konar yfirlýsingar um að þetta yrði svört skýrsla, svo er ekki. Meðal þess er að gefa borgarráði betri upplýsingar til að gulltryggja það að framkvæmdir fari ekki fram úr.“

Kostnaðaráætlanirnar fá rauða ábendingu frá innri endurskoðanda og þegar ábending er rauð bendir hún til alvarlegra veikleika í innra eftirliti sem geti leitt af sér mikið fjárhagslegt tjón eða áhættu um sviksemi. Þórdís Lóa segir einfaldlega að ekki hafi verið nægur tími til að vinna áætlanirnar. „Kostnaðaráætlanirnar eru ekki slæmar í grunninn. Það er ekki gefinn nægilegur tími í þetta. Við erum að flýta okkur of mikið. Niðurstaðan er rauð núna, næst verður hún græn.“

Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins, er ánægð með skýrsluna. „Þetta er enn einn áfellisdómurinn. 102 prósenta framúrkeyrsla á Mathöll á Hlemmi. Þetta er sama uppskrift og í Bragganum. Það eru einungis 20 milljónir samþykktar í borgarstjórn sem fóru inn í fjárhagsáætlun, restin kemur inn í gegnum viðauka. Það gefur vísbendingu um að verkefninu sé smeygt inn með lítilli kostnaðaráætlun, svo er laumað inn hundruðum milljóna í gegnum viðauka,“ segir Vigdís.

Viðbrögð Umhverfis- og skipulagsráðs við ábendingu innri endurskoðanda um kostnaðaráætlanir eru að óska eftir heimild fyrir nýtt stöðugildi sérfræðings til að fara yfir kostnaðaráætlanir. Vigdís er ekki sátt við það. „Ég fordæmi það. Yfirbyggingin hjá borginni er svo stór að það hlýtur að finnast einhver sem getur tekið það að sér. Þetta er bara aumt yfirklór og eftiráskýringar.“

Ekki náðist í Dag B. Eggertsson borgarstjóra. Í tilkynningu segir hann skýrsluna undirstrika að Braggamálið hafi verið frávik. Hlemmur eigi sér eðlilegar skýringar þar sem viðhaldsþörf var vanmetin. Leggur hann áherslu á að Mathöllin hafi lífgað upp á mannlífið við Hlemm.

arib@frettabladid.is



Vigdís segir skýrsluna áfellisdóm yfir meirihlutanum og bendir á tölur máli sínu til stuðnings. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Framúrkeyrsla framkvæmdanna í tölum

**Viðbygging Sundhallar Reykjavíkur**

- **Fyrsta kostnaðaráætlun:** 930 milljónir
- **Seinni kostnaðaráætlun:** 1.420 milljónir
- 60% fóru í útboð

1.628 milljónir kostaði viðbyggingin

**Hlemmur Mathöll**

- **Fyrsta kostnaðaráætlun:** 107 milljónir
- **Seinni kostnaðaráætlun:** 152 milljónir
- **Kostaði:** 314 milljónir
- 14% fóru í útboð

48 milljónir fram úr fjárheimildum

**Hjólastígur á Grensásvegi**

- **Fyrsta kostnaðaráætlun:** 170 milljónir
- **Seinni kostnaðaráætlun:** 195 milljónir
- **Kostaði:** 198 milljónir
- 85% fóru í útboð

**Nauthólsvegur 100**

- **Fyrsta kostnaðaráætlun:** 158 milljónir
- **Kostaði:** 425 milljónir
- **Verkið er óklárað**
- 0% í útboð

173 milljónir fram úr fjárheimildum

**Viðbygging Vesturbæjarskóla**

- **Fyrsta kostnaðaráætlun:** 700 milljónir
- **Seinni kostnaðaráætlun:** 931 milljónir
- **Kostaði:** 1.138 milljónir

58% fóru í útboð







# SÓFADAGAR

## 28 MARS. - 15. APRÍL

## 20-50%

## AF ÖLLUM SÓFUM, SVEFNSÓFUM OG HÆGINDASTÓLUM

**NÚ 119.900**
**SPARAÐU 30.000**



**LARVIK** Legubekkur + 2,5 sæta. Ljósgrátt áklæði og svartir fætur. L225 x D140 cm. 149.900 kr. Nú 119.900 kr.

**NÚ 59.900**
**SPARAÐU 20.000**



**MESSINA** 2ja sæta. Ljósgrátt áklæði og svartir fætur. L174 cm. 79.900 kr. Nú 59.900 kr.

**NÚ 59.900**
**SPARAÐU 15.000**



**CLEVELAND** 2ja sæta. Ljós- eða dökkgrátt áklæði. L179 cm. 74.900 kr. Nú 59.900 kr.

**20%**



**TUSHKA** Legubekkur + hornsófi. Blátt áklæði og viðarfætur. L290 x D200 cm. 224.900 kr. Nú 179.920 kr.

**50%**



**RENE** 3ja sæta. Blátt áklæði. L212 cm. 139.900 kr. Nú 69.900 kr.

**NÚ 89.900**
**SPARAÐU 25.000**



**CLEVELAND** 2ja sæta + legubekkur. Ljósgrátt áklæði. L179 cm. 114.900 kr. Nú 89.900 kr. Sófann er hægt að fá speglaðan.



©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta auglýsingavillur

**CHISA** hægindstóll. Grænt velúr. 29.900 kr. Nú 23.920 kr.



# DEVON

Fallegur á daginn - þægilegur á nóttunni
þú velur eininguna, áklæðið, fjöðrunina og armana

**SÉRPÖNTUN**

**FLEX 260 svefnsófi með legubekk** Spumante grátt áklæði. Armur 2. Pokafjöðrun og lúxus bakpúðar. L 217 x D 95 cm. Svefnflötur L 204 x B 134 cm. 229.900 kr. Nú 183.920 kr. Sérpöntun. www.ilva.is/devon

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Samstaða á sjötíu ára afmæli NATO

**Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sótti fund utanríkisráðherra NATO í Washington. Rætt um samskiptin við Rússa, hryðjuverkaógnina og stöðuna í Úkraínu. Hann segir að aðildin að NATO hafi reynst Íslandi heilladrjúg og að Íslendingar séu stoltir af sínu framlagi til Atlantshafsbandalagsins.**



**Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra heimsótti einnig bandaríska þingið með öðrum ráðherrum aðildarríkja NATO.** MYND/ATLANTSHAFSBANDALAGIÐ

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðherrar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins (NATO) hittust í Washington í Bandaríkjunum og funduðu um stöðu mála en fögnuðu því jafnframt að sjötíu ár eru nú liðin frá því að bandalagið var stofnað.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sótti fundinn og segir í samtali við Fréttablaðið að samskiptin við Rússland hafi verið mjög ofarlega á baugi. Samkvæmt bandarískum miðlum endurnýjuðu NATO-ríkin ákall sitt til Rússa um að afhenda Úkraínumönnum Krímskaga á ný og frelsa þá úkraínsku sjóliða sem voru handteknir eftir átök á Asovshafi á síðasta ári.

„Samskiptin við Rússland voru mjög ofarlega á baugi og þar á meðal staða INF-samningsins [um meðaldrægar kjarnaflaugar] sem var sagt upp eftir ítrekuð brot Rússlands á ákvæðum samningsins. Það var talað um Úkraínu og ástandið við Svartahaf og bandalagsríkin hétu áframhaldandi stuðningi við Úkraínu. Baráttan gegn hryðjuverkum og staðan í Afganistan var rædd og þar með taldar friðarumleitanir í landinu. Við hétum áframhaldandi stuðningi við uppbyggingarverkefni í Írak, Jórdaníu og Túnis sem og áframhaldandi þátttöku í fjölþjóðlegu bandalagi gegn ISIS-hryðjuverkasamtökunum. Fundinum lauk síðan með umræðu um jafnari skiptingu framlaga til NATO. En öll ríki bandalagsins hafa aukið verulega þátttöku sína,“ segir Guðlaugur Þór og bætir því við að góð samstaða hafi ríkt.

Mikið hefur verið fjallað um þá kröfu Donalds Trump Bandaríkjaforseta að önnur aðildarríki auki framlög sín til varnarmála og á fundi Trumps með Stoltenberg á þriðjudag sagðist forsetinn ánægður með að önnur ríki greiddu nú meira.

Guðlaugur Þór segir að framlög aðildarríkja hafi verið að aukast frá árinu 2014. „Það er ekki nýtt að Bandaríkjaforsetar kalli eftir aukinni þátttöku Evrópuríkja og Kanada. Ætli menn geti ekki fundið dæmi frá John F. Kennedy og að ég held öllum forsetum síðan. En það er hins vegar óumdeilt að framlög aðildarríkja NATO hafa aukist á undanförnum árum.“

> **Það er ekki nýtt að Bandaríkjaforsetar kalli eftir aukinni þátttöku Evrópuríkja og Kanada. Ætli menn geti ekki fundið dæmi frá John F. Kennedy.**

> **Atlantshafsbandalagið hefur reynst mjög heilladrjúgt.**
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Tvö ríki NATO hafa átt í deilum að undanförnu. Tyrkir hyggjast festa kaup á rússnesku S-400-eldflaugavarnakerfi en Bandaríkjamenn hafa ítrekað varað þá við kaupunum og sagt þau stefna öryggi bandalagsríkja í hættu. Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, sagði svo á miðvikudag að Tyrkir þyrftu einfaldlega að velja á milli þess að vera lykilríki innan NATO eða eldflauganna.

Guðlaugur Þór segir hins vegar að þetta mál hafi ekki verið rætt á fundinum. Hann segir aukinheldur að íslensk stjórnvöld hafi ekki fjallað sérstaklega um málið.

thorgnyr@frettabladid.is

## Staðan breytt en þörfin sú sama

Ísland var stofnaðili að NATO og þótt Guðlaugur Þór segi stöðuna hafa breyst mikið þá telur hann að það sé ennþá mikil þörf á bandalaginu. „Atlantshafsbandalagið hefur reynst mjög heilladrjúgt. Bæði fyrir aðildarríkin og líka svæðið í heild sinni. Það var auðvitað stofnað á sínum tíma til að viðhalda friði í þessum heimshluta og það hefur gengið eftir. Kalda stríðinu lauk án þess að það kæmi nokkurn tímann til beinna átaka.“

Ráðherrann segir að það séu þó blikur á lofti þegar kemur að öryggis- og varnarmálum. Nýjar ógnir hafa komið fram, meðal annars hryðjuverkaógnin.

Að sögn Guðlaugs Þórs á Ísland án nokkurs vafa enn erindi innan Atlantshafsbandalagsins. „Það reyndist okkur mjög heilladrjúgt að vera stofnaðilar að bandalaginu. Við erum þarna með ríkjum sem aðhyllast sömu gildi og við. Það grundvallarsjónarmið hefur ekki breyst þrátt fyrir að aðstæður hafi breyst, eðlilega, á þessum sjötíu árum.“

Hann segir að ýmislegt standi upp úr þegar kemur að þátttöku Íslands undanfarna sjö áratugi. Íslendingar séu stoltir af sínu framlagi og hafi aukið það á borgaralegum forsendum. „Hvort sem það eru sprengjuleitarmenn Landhelgisgæslunnar sem þjálfa fólk í stríðshrjáðum löndum til þess að hreinsa upp sprengjur svo það geti lifað eðlilegu lífi á sínum svæðum, upplýsingamál, jafnréttismál eða önnur borgaraleg verkefni. Við erum auðvitað með mikið loftrýmiseftirlit sem er mikilvægur þáttur í loftrýmiseftirliti bandalagsins. Upptalningunni er sannarlega ekki lokið þótt ég taki þetta fram.“


**Gildi – lífeyrissjóður**
*Ársfundur 2019*

*Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 11. apríl kl. 17.00*

**Dagskrá fundarins**
1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúarráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI
www.gildi.is



**Kynning á nýjum kjarasamningum**

**VR boðar til félagsfundar til að kynna nýgerða kjarasamninga.**

Fundurinn verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica mánudaginn 8. apríl kl. 19.30.

**Fundinum verður streymt á Mínum síðum á vr.is.**
Félagsmenn skrá sig inn á Mínar síður með Íslykli eða rafrænum skilríkjum.

**Við hvetjum alla félagsmenn VR til að mæta á fundinn.**
**Léttar veitingar í boði.**

VR

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

blómaval

# VORHÁTÍÐ

## Í BLÓMAVALI

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



-33%

**Vorerika**
**flott í útipottinn**
Blómapottar seldir sér.

**399 kr./stk.**
~~599~~ kr./stk.

**25% afsláttur**
af öllum pottaplöntum



**Útsæðis-kartöflur**
5 kg í poka, gullauga, Helga, Premiere eða rauðar íslenskar
1022061-3

**1.449 kr**



-20%

**Mold 45 ltr.**
1033658

**799 kr**
~~999~~ kr.






**Páskaliljur í potti**
Tete a tete.
11328564

**699 kr**

**Fræ**
**25% afsláttur**
af öllum fræjum

**Gerviblóm**
**25% afsláttur**
af öllum gerviblómum

**Vorlaukar**
**25% afsláttur**
af öllum vorlaukum og fræjum

**Gæludýravörur**
**20% afsláttur**
af öllum gæludýravörum



**Vilmundur veitir ráðgjöf í Skútuvogi um helgina**
Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur gefur góð ráð í Blómavali Skútuvogi frá kl. 13–17 laugardag og sunnudag

# Ný leið



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Óvissunni hefur loksins verið aflétt. Stemningin fyrir verkfallsaðgerðum, samtímis fjöldauppsögnum og niðursveiflu í efnahagslífinu, reyndist afar lítil þegar á hólminn var komið. Það þurfti hins vegar því miður að koma til gjaldþrots kerfislega mikilvægs fyrirtækis. Reynslulitlir leiðtogar hinnar nýju herskáu verkalýðshreyfingar rákust harkalega á hinn efnahagslega veruleika við fall WOW air. Við þessar efnahagsaðstæður, sem voru eins fyrirsjáanlegar og hugsast getur, var ljóst að breyta þurfti um kúrs. Eftir einar hatrömmustu deilur sem sést hafa um langt skeið sýndu aðilar vinnumarkaðarins þá ábyrgð sem kallað var eftir. Stærstu stéttarfélögin, sem höfðu mislesið stöðuna framan af og haldið til streitu kröfum sem aldrei var innstæða fyrir, sáu að sér og komu myndarlega til móts við þá miklu og réttmætu gagnrýni – sem sumir kusu að kalla hræðsluáróður – sem þau höfðu fengið á sig. Það er lofsvert og niðurstaðan er nærri fjögurra ára kjarasamningur sem ætti að styðja við stöðugleika, bæði efnahags- og félagslegan, á komandi árum. Á því græða allir.

Það var ávallt ljóst að svigrúm atvinnulífsins væri hverfandi. Flestir þekkja ástæðurnar. Rekstrarumhverfi fyrirtækja, einkum í útflutningsgreinunum, hefur versnað til muna síðustu ár samhliða gengisstyrkingu og gríðarlegum nafnlaunahækkunum. Kjarasamningurinn ber þess merki að miklar launahækkanir voru ekki í boði í þetta sinn. Það hefur legið lengi fyrir að aðkoma stjórnvalda, að því marki sem hægt var, gæti því skipt sköpum til að miðla málum. Það varð reyndin en útspil ríkisstjórnarinnar, meðal annars skattalækkanir, auknar barnabætur og aðgerðir í húsnæðismálum, er metið á um 80 milljarða yfir samningstímabilið. Ríkisstjórnin var ekki hvað síst mynduð til að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði. Nú þegar það er að takast, sem um tíma var ekki útlit fyrir að yrði niðurstaðan, er ljóst að staða hennar – og þá einkum Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra – hefur styrkst til muna.

Það er samt teflt á tæpasta vað. Talsverð hækkun lægstu launa, eða sem nemur 90 þúsundum króna á samningstímabilinu, verður sumum fyrirtækjum þungbær og afleiðingarnar munu brjótast fram í fækkun starfsfólks og/eða hækkandi verðlagi. Þá er hættan sú, sem helgast af þeirri staðreynd að tekjujöfnuður er óvíða meiri en hér á landi, að slíkar hækkanir eigi eftir að leita upp í millitekjuhópana. Á móti kemur að samið er um hóflegar almennar launahækkanir, sem jafngilda um 2,5 prósentum á ári sé litið til meðalheildarlauna, sem styður við verðbólgumarkmið Seðlabankans. Sú leið sem einnig er farin, sem er nýmæli, að aukinn hagvöxtur gefi af sér meiri launahækkanir er til eftirbreytni. Hún er viðurkenning á þeim sannindum, sem sumir hafa skeytt lítið um, að laun verða aldrei ákvörðuð án tillits til verðmætasköpunar í hagkerfinu.

Stærsti ávinningur launafólks er ekki endilega fólginn í krónutöluhækkunum. Fyrir meginþorra heimila, sem þurfa að greiða mánaðarlegar afborganir af húsnæðislánum sínum, skiptir ekki síður máli að hér skapist skilyrði fyrir því að vextir lækki á sama tíma og það er að kreppa að í efnahagslífinu. Ein af forsendunum sem samningarnar hvíla á, sem vegur ekki að sjálfstæði Seðlabankans á nokkurn hátt, er einmitt að vextir lækki verulega fram í september 2020. Þeir kjarasamningar sem nú hafa náðst þýða að raunhæft er að ætla að slíkar vaxalækkanir verði að veruleika. Það yrði þá söguleg niðurstaða.

**Sú leið sem einnig er farin í samningunum, sem er nýmæli, að aukinn hagvöxtur geti gefið af sér meiri launahækkanir er til eftirbreytni.**

Fjarstýrðir Heliosa hitarar



Páskatilboð
30%
afsláttur

Margar gerðir til á lager 1300 til 3000 w.
Hvítir og svartir.

WATERPROOF

Koma með 5m langri snúru og kló.

Finndu okkur á facebook

30 ÁRA 2018 Flísabúðin

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Að baki karlinum ...**

**Fólki er almennt létt eftir að eitthvað sem kallast „lífskjarasamningur" náðist. Díllinn telst til slíkra stórmerkja að Miðflokksþingmennirnir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Ólafur Ísleifsson fundu sig knúna til þess að hrósa vandræðagemlingunum Vilhjálmi Birgissyni og Ragnari Þór Ingólfssyni fyrir þeirra framlag. Báðir deila þingmennirnir að vísu verðtryggingarþráhyggju með verkalýðshetjunum sem kann að skýra uppklappið. Sigmundur þakkaði þeim á Facebook fyrir að koma „verðtryggingarmálum aftur á dagskrá". Slíkt hið sama gerði Ólafur og talaði um „skaðsemi verðtryggingarinnar".**

**... er #ósýnilegakonan**

**Gott og blessað ef horft er fram hjá afneitun þingkarlanna á því að Sólveig Anna Jónsdóttir tók slaginn jafnvel af mun meiri festu og baráttugleði en karlarnir tveir. Vefritið knúz.is bendir á þetta með vísan til orða Sigmundar: „Þáttur Sólveigar Önnu í samningaviðræðunum hefur ekki farið fram hjá neinum, nema þessum stjórnmálakarli sem gætir þess að nefna hana ekki. Hver er karlremban? #ósýnilegakonan." Þá er ónefnd Drífa Snædal en á Knúzinu var bent á að þær hefðu átt að „baka vöfflurnar svona til þess að hægt hefði verið að þakka þeim fyrir eitthvað". thorarinn@frettabladid.is**

# Svik og prettir hf.



**Hilmar Harðarson**
formaður Samiðnar og formaður Félags iðn- og tæknigreina

Það hefur verið átakanlega sorglegt að fylgjast með fréttaflutningi fjölmiðla af því hvernig einstaka bílaleigur hafa starfrækt skipulagðar svikamyllur gagnvart íslenskum neytendum með því að skrúfa niður kílómetrafjölda í bílaleigubílum sem síðan hafa verið seldir landsmönnum. Þessi hreinræktaða glæpastarfsemi, sem hún vissulega er, hefur valdið gríðarlegum skaða á bílasölumarkaði, sáð fræjum vantrausts og tortryggni, efinn er í hugum þeirra sem ætla að kaupa sér notaðan bíl og fólk veit einfaldlega ekki hverjum það getur treyst. Fagmennska hefur vikið fyrir fúski og við vitum öll hvað gerist þegar fúsk kemur við sögu. Vissulega, og það skal undirstrikað, standa langflestar bílaleigur sig algjörlega hvað þetta varðar og koma fram af heiðarleika og hreinskilni, en minnihlutinn kemur með framferði sínu óorði á alla greinina. Það er ennfremur óþolandi staða að bílaleigubílar, sem eru mest eknu bílar landsins, og við mætum á þjóðvegunum á hverjum degi, séu aðeins skoðaðir á þriggja ára fresti. Auðvitað eiga þeir, rétt eins og atvinnubílar, að vera skoðaðir á hverju ári. Heilbrigð skynsemi segir okkur það! Allt annað er fúsk og því óásættanlegt!

Því miður er það þannig að við vinnustaðaeftirlit okkar undanfarin ár hefur komið í ljós að alltof margir ófaglærðir aðilar eru að störfum á þessum stöðum og undir slíkum kringumstæðum getur skapast andrúmsloft þar sem undirferli fær að blómstra. Það er með öllu óþolandi að þurfa að fylgjast með því hvernig örfáir svartir sauðir skemma fyrir þeim bílaleigum sem eru í heiðarlegri starfsemi og enn á ný kemur til þess að við þurfum að benda á þá brotalöm sem fylgir svartri atvinnustarfsemi, vinnustöðum þar sem kennitöluflakk hefur viðgengist og þar sem ófaglærðir einir eru að störfum. Margoft höfum við bent á þetta en við trúum því að dropinn holi steininn og opinberir aðilar muni á endanum meðtaka skilaboðin.

Þar sem faglærðir iðnaðarmenn eru að störfum eru vinnubrögðin í lagi og neytendur geta treyst því að viðhald sé í lagi og upplýsingar séu réttar. Fagmenn tryggja nefnilega að rétt sé að staðið. Við sættum okkur við fagmennsku og heiðarleika og vönduð vinnubrögð, við sættum okkur aldrei við fúsk í fyrirtækjum sem gætu eins heitið Svik og prettir hf.

**Þessi hreinræktaða glæpastarfsemi, sem hún vissulega er, hefur valdið gríðarlegum skaða á bílasölumarkaði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Býr Guð í gagnaverinu?

ÍDAG



Þórlindur Kjartansson

Í gamla daga, löngu áður en nokkur lesandi Fréttablaðsins fæddist, var fólk byrjað að hafa áhyggjur af því að ofgnótt upplýsinga gæti leitt til þess að fólk missti smám saman vitið. Hvínandi hamagangur á síðum dagblaðanna, þar sem öllu ægði saman, gat ekki annað en grafið undan hugarró og sálarfriði. Auglýsingar um alls konar óþurftardrasl gátu komið róti á hugann, vakið upp fjarstæðukenndar langanir og óuppfylltar þrár sem leitt gætu til ásælni, öfundar og depurðar. Fréttir af atburðum sem koma manns eigin lífi ekkert við voru birtar í blöðum til að halda fólki límdu við blaðsíðurnar. Þetta gat fyllt fólk kvíða og þunglyndi yfir örlögum allsendis óskylds fólks. Í staðinn fyrir að hugsa um sína eigin vinnu og skyldur gat fólk tapað sér af áhyggjum yfir atburðum víðsfjarri heimahögunum.

Mannskepnan er auðvitað ekki hönnuð til þess að verða fyrir öllu því áreiti sem að nútímamanninum beinist. Þótt það hafi nú þegar alist upp nokkrar kynslóðir manna sem haft hafa aðgang að einhvers konar fjölmiðlum þá hefur langstærstur hluti þróunarsögu mannsins miðast við að meðhöndla lítið magn mikilvægra upplýsinga frekar en óþrjótandi magn af þvælu, gagnslausum staðreyndum, kaldhæðnum tístum og fjarstæðukenndum fréttum.

Dagblaðalestur þykir í dag frekar vera til marks um yfirvegaðan og afslappaðan lífsstíl. Frá því fólk hafði áhyggjur af dagblöðum hefur það orðið sannfært um að hljóðvarp gengi af siðmenningunni dauðri, þvínæst sjónvarp og svo netið. Fólk hefur einhvern veginn náð að höndla þessa þróun hingað til og ýmsar grunnstoðir í samfélagi mannanna hafa haldið gildi sínu.

Og kannski mun það sama eiga við um samfélagsmiðlana, sem svo margir hafa áhyggjur af. Mun það þykja til marks um zeníska yfirvegun eftir þrjátíu ár að hanga í rólegheitum á Facebook í símanum, á meðan stærsti hluti mannkyns gengur um með útþanin sjáöldur af spennu yfir beinstreymi upplýsinga í gegnum 100 exabæta gagnatengingu inn í miðtaugakerfið sjálft án viðkomu í heilanum?

Hver veit? Það er hins vegar óhætt að slá því föstu að hin ofsafengna breyting á neyslu fólks á upplýsingum mun fyrr eða síðar gjörbreyta grunnstoðum í samfélaginu, ef hún er ekki farin að gera það nú þegar.

Ýmis grundvallaratriði í menningu samfélaga, þar á meðal trúarlíf og helgisiðir, hafa það markmið að binda saman fólk á góðum stundum, í hversdagslífinu og þegar mikið bjátar á. En þessar grundvallarstoðir hafa verið hannaðar út frá hversdagsleika mjög ólíkum þeim sem við búum við í dag. Á fyrri öldum gat það verið guðsþjónustan á sunnudegi sem var hápunktur skemmtanalífsins; litbrigðamesta veisluborð skilningarvitanna.

Nú fær fólk gríðarlegt magn sérsniðinna upplýsinga beint að sér í gegnum samfélagsmiðla; einkum Facebook. Sá miðill hefur því í raun tekið við mörgum hlutverkum í lífi fólks. Það er símstöð, pósthús, fréttaveita, sálgæsla, áfallahjálp, skemmtistaður, pólitískur fundarstaður—þar er dagbókin þín og samskiptasagan við alls konar fólk. Og sú saga geymist jafnvel eftir að fólk fer yfir móðuna miklu. Gögnin sitja eftir í risastórum skemmum í Ameríku og á Írlandi; suðandi viftur halda hörðum diskum gagnaveranna köldum svo stafrænu minnisvarðarnir um ástvini okkar bráðni ekki niður og glatist að eilífu.

Þegar Facebook kom til sögunnar fór samfélagsmiðillinn smám saman að taka við ýmsum hlutverkum trúarbragðanna. Á Facebook var greint frá trúlofunum, steggjaveislum, brúðkaupum þungunum, fæðingum, skírnum, barnaafmælum, og útskriftum. Þannig voru helstu vörðurnar á æviskeiðinu reistar á Facebook.

Í marga mannsaldra hafa börn verið borin til skírnar í kirkju þannig að söfnuðurinn frétti af nýju lífi—og þannig hafa foreldrar fundið til stuðnings og aðrir safnaðarmeðlimir upplifað að þetta nýja líf feli í sér merkingu, ábyrgð og gleði fyrir alla kirkjugesti. Núna er tilkynningin á Facebook að sumu leyti stærri viðburður. Þar eru mörg hundruð vottar gerðir að inngöngu nýs einstaklings, nafn hans skráð í gagnaver Marks Zuckerberg og hann beðinn að láta það aldrei villast frá sér. Nýfætt barn má kallast slakt ef það fær ekki nokkur hundruð „like“ í vöggugjöf. Gleði og gaman.

Trúarbrögðin hafa auðvitað ekki bara verið vettvangur gleði, heldur hafa innan þeirra þróast ýmsar leiðir til þess að hjálpa okkur til þess að mæta áföllum og þeim óumflýjanlega raunveruleika sem er dauðinn.

Allir menn deyja og flestir eru syrgðir sárt af örfáum, minnst með söknuði af allnokkrum en líf flestra heldur áfram. Fólk sýnir virðingu og þakklæti með því að fylgja hinum látnu til grafar; síðasta spölinn, og þannig fá hinir sártsyrgjandi nánustu aðstandendur að finna hlýjan stuðning allra þeirra sem fannst það þó þess virði að taka hálfan dag í lífi sínu frá til þess að taka þátt í kveðjuathöfn, hlusta á minningarorðin og horfa í kringum sig á öll andlit þeirra sem hin látni hafði snert nægilega til þess að þeir ákvæðu að koma frekar til þess að kveðja hinn látna heldur en að vera í vinnunni, fara á skíði eða gera bara eitthvað annað. Þessi alvarlega stund er hápunktur á sorgarferli, þar sem margir fella tár—ekki bara þeir nánustu, heldur líka þeir sem þekktu lítið til hins látna; en það huggar allt saman og hefur sefandi áhrif. Við grátum yfir því að dauði annarra minnir okkur á að við sjálf munum deyja; og við grátum kannski ennþá frekar yfir því að við munum þurfa að horfa upp á enn fleiri deyja—fylgja fleirum síðasta spölinn en halda áfram einum manni færri.

Þessu er mjög erfitt að líkja eftir á Facebook þar sem næst við hlið sorglegrar andlátsfréttar kunna að vera furðufréttir um frægðarfólk, hatrömm rifrildi um verðtrygginguna og auglýsingar um amerískan skófatnað. Kisturnar eru bornar út úr kirkjum, en brosandi myndir af látnum ástvinum eru enn á netinu, það er meira að segja hægt að senda þeim skilaboð—látið fólk fær vinabeiðnir löngu eftir að Facebook-síðunni hefur verið breytt í minningarskrín, menn kváðu jafnvel deyja frá hálfkveðnum statusuppfærslum.

Þetta er meiriháttar breyting á grundvallarþætti í samfélaginu og hún boðar líklega sitthvað fleira sem öllu erfiðara er að átta sig á. Hvernig mun það fara með fólk þegar flestar Facebook-fréttirnar eru ekki lengur um gleðilega viðburði í lífi fólks heldur fyllist fréttaveitan af tilkynningum um veikindi og andlát, minningarorðum um foreldra, vini, maka og einstaka sinnum börn og barnabörn? Hvernig líður fólki sem opnar tölvuna sína eða símann að morgni og sér slíkar fréttir hrannast inn og les athugasemdirnar og fylgist með hjartamerkingunum staflast upp á sorgarfréttirnar? Duga þá þúsund „like“ eins vel og örfá þétt faðmlög og vinalegar raddir til þess að finna til stuðnings á erfiðum stundum lífsins?

Í fámennu samfélagi eins og því íslenska er kannski auðveldara að standa vörð um mennskuna heldur en víða annars staðar. Það er líka harðvírað í menningarvitund okkar allra að „maður er manns gaman“—og það á við bæði í sorg og gleði. Þróunin togar í hina áttina og það er fyrirhöfn að toga á móti. Líklegast er hún þess þó margfaldlega virði.

# Aukin velsæld á traustum grunni



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Ríkisstjórnin kynnti yfirlýsingu sína til stuðnings lífskjarasamningum aðila vinnumarkaðarins nú í vikunni. Aðgerðirnar sem stjórnvöld munu ráðast í byggjast í fyrsta lagi á miklu samráði á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins undanfarna mánuði og í öðru lagi á umfangsmikilli greiningarvinnu sem þetta samráð hefur leitt af sér.

Hluti af greiningarvinnunni hefur fjallað um þróun lífskjara ólíkra hópa undanfarin ár. Þar hefur komið í ljós að til að mynda hafa tekjulægri barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar ekki notið kaupmáttaraukningar til jafns við aðra hópa. Þess vegna leggur ríkisstjórnin sérstaka áherslu á bætt kjör barnafjölskyldna. Það gerum við með skattkerfisbreytingum og nýju lágtekjuþrepi sem lækkar skattbyrði hinna tekjulægri og hækkun barnabóta. Hvort tveggja er mikið réttlætismál og lífskjarabót.

Fjölskylda með tvö börn mun þannig hafa allt að 411 þúsund krónum meira úr að spila á ári vegna samanlagðra breytinga sem ríkisstjórnin gerir, þ.e. lækkun á tekjuskatti og hækkun barnabóta. Hvort heldur sem við köllum þetta þrettánda mánuðinn eða eitthvað annað er ljóst að þessi upphæð mun skipta máli í daglegu lífi fólks.

Við lengjum líka fæðingarorlofið upp í 12 mánuði sem er gríðarlega mikilvægt skref. Áður höfðum við hækkað hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi úr 500 í 600 þúsund sem gerir fleirum fært að fullnýta sér rétt sinn í orlofinu. Lengingin er stórt skref í að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla en það er ekki síður mikilvægt að tryggja foreldrum og börnum meiri tíma saman.

Fleiri aðgerðir ríkistjórnarinnar munu skipta þennan hóp máli og almenning allan, t.d. uppbygging félagslegs húsnæðiskerfis en samkvæmt greiningum getur húsnæðiskostnaður verið verulega íþyngjandi, ekki síst fyrir tekjulægri hópa. Réttarstaða leigjenda verður bætt og auknum framlögum varið í uppbyggingu almennra íbúða. Markviss skref eru stigin til að draga úr vægi verðtryggingar en um leið eru tryggðar mótvægisaðgerðir þannig að óverðtryggð lán verði valkostur fyrir lægri tekjuhópa með heimild til að nota lífeyrisiðgjald til að lækka afborganir. Þá eru í dag kynntar aðgerðir til að styðja við fyrstu kaup á fasteignamarkaði.

Ég tel að aðgerðir stjórnvalda og þeir samningar sem nú hafa náðst á vinnumarkaði geti verið grundvöllur víðtækrar sáttar og skapað forsendur fyrir bæði félagslegan og efnahagslegan stöðugleika til langs tíma. Af hálfu stjórnvalda er um að ræða mikilvægar samfélagslegar umbætur, hvort sem um er að ræða réttlátara skattkerfi, uppbyggingu á félagslegu húsnæðiskerfi eða lengingu fæðingarorlofs; allt mun þetta styðja við aukna velsæld alls almennings og aukinn jöfnuð.

FYLGIR VÖLDUM JEPPUM Í APRÍL
FERÐAPAKKI
JEPPA DAGAR
FERÐAPAKKINN INNIHELDUR
▪ ÞVERBOGA ▪ FARANGURSBOX ▪ DRÁTTARBEISLI


993532
KIA
Sorento EX
Árgerð 2015, ekinn 47 þús. km, dísil, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð 4.590.000 kr.


292045
Mercedes-Benz
ML 350 4 MATIC
Árgerð 2013, ekinn 82 þús. km, dísil, 259 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð 5.990.000 kr.


341150
KIA
Sorento Premium
Árgerð 2017, ekinn 42 þús. km, dísil, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð 6.490.000 kr.


993548
Mercedes-Benz
GL 350 4 MATIC
Árgerð 2014, ekinn 98 þús. km, dísil, 259 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð 9.790.000 kr.


993743
KIA
Sportage EX
Árgerð 2017, ekinn 51 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð 4.050.000 kr.


993748
KIA
Sportage EX
Árgerð 2015, ekinn 73 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð 3.150.000 kr.


993994
KIA
Sportage EX
Árgerð 2013, ekinn 138 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð 2.190.000 kr.


993719
Mercedes-Benz
GLA 220 4 MATIC
Árgerð 2015, ekinn 45 þús. km, dísil, 170 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð 4.790.000 kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndarugli

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
Opið:
Fim-Fös 10-18
Laugardag 12-16
Klettháls 2 • 110 Reykjavík • 590 2160 • notadir.is

Tilboð gilda út 7. apríl



HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

**35%** afsláttur




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan afar einföld.

**2.274** kr/kg
Verð áður 3.499 kr/kg

## Kalkúnafyllingar í úrvali

verð frá **449** kr/stk




## Olifa eru hágæða ólífuolíur frá Ítalíu

verð frá **1.899** kr/stk

Ítalskt

BAKARÍIÐ



NÝJUNG

## Nýbakað súrdeigsfocaccia með basil og tómötum

**599** kr/stk




## Lífrænir ítalskir ostar

verð frá **349** kr/pk




## Páskaegg í úrvali allar stærðir og gerðir




## Coca Cola og Coca Cola Zero 1 lítri

**159** kr/stk
Verð áður 299 kr/stk




NÝJUNG

## Nóa Popp smellur

**499** kr/pk

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

# Meira girnilegt




**Bernaisesósur Hagkaups**
**Benni #1 og Benni #2 chili**
**449** kr/stk

**Íslenskar nautalundir**
**5.949** kr/kg
Verð áður 6.999 kr/kg

**Supernature olíur**
**Black Truffle infused**
**White Truffle infused**
verð frá **1.449** kr/stk




**Úrbeinuð kjúklingalæri**
**2.039** kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg




**Kjúklingalundir**
**2.039** kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg




**Ungnautahakk 4% fita**
**1.991** kr/kg
Verð áður 2.489 kr/kg

## Fjaraði undan baráttugleði ÍR í Garðabænum




ÍR byrjaði leikinn af krafti og komst tíu stigum yfir í upphafi leiksins gegn Stjörnunni í gær en réð ekkert við Brandon Rozzell og liðsfélaga hans eftir það. ÍR tókst að halda Stjörnunni í átta stigum fyrstu níu mínúturnar en eftir það léku Garðbæingar lausum hala í sókninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nýjast

**Domino's-deild karla**
*Undanúrslit*

**Stjarnan - ÍR 96-63**

**Stjarnan:** Brandon Rozzell 28, Antti Kanervo 14, Hlynur Bæringsson 13, Ægir Þór Steinarsson 12/10 stoðsendingar, Collin Pryor 10, Tómas Þórður Hilmarsson 9, Filip Kramer 7, Arnþór Freyr Guðmundsson 3.
**ÍR:** Kevin Capers 18, Gerald Robinson 17, Matthías Orri Sigurðarson 17, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 4, Hjalti Friðriksson 4, Skúli Kristjánsson 2, Ólafur Björn Gunnlaugsson 1.

*Stjarnan er komin 1-0 yfir í einvígi liðanna en hafa þarf betur í þremur leikjum til þess að tryggja sér farseðilinn í úrslitaeinvígið.*

*KR og Þór Þorlákshöfn hefja viðureign sína í seinni undanúrslitaviðureigninni í DHL-höllinni í Vesturbænum klukkan 19.15 í kvöld.*

## Öruggur sigur gegn Króatíu

**ÍSHOKKÍ** Íslenska kvennalandsliðið í íshokkí vann annan sigur sinn í B-riðli annarrar deildar á Heimsmeistaramótinu í gær. Þetta var þriðji leikur íslenska liðsins í riðlinum og deila þær efsta sætinu með Nýja-Sjálandi og Kínverska Taípei eftir tvo sigra í þremur leikjum.

Silvía Björgvinsdóttir sem hefur verið afar öflug fyrir framan markið á mótinu kom Íslandi yfir í öðrum leikhluta. Sigrún Árnadóttir bætti við marki í þriðja leikhluta áður en Silvía innsiglaði sigurinn. Landsliðið mætir Tyrklandi í dag og Kínverska Taípei í lokaumferðinni á sunnudaginn. **– kpt**

# Stefnum á annað sætið

**Stelpurnar okkar eru í riðli með ríkjandi heims- og Evrópumeisturum Frakka, Króatíu og Tyrklandi í undankeppni EM 2020 þar sem tvö lið komast áfram.**

**HANDBOLTI** Dregið var í riðlana í undankeppni Evrópumótsins 2020 í kvennaflokki í Kaupmannahöfn í gær þar sem Ísland fékk verðuga andstæðinga. Síðasta liðið sem kom í riðil Íslands gæti ekki verið sterkara, ríkjandi heims- og Evrópumeistarar Frakklands bættust við riðil Íslands með Króatíu og Tyrklandi þar sem tvö lið fá þáttökurétt í mótinu á næsta ári. Mótið fer fram í Danmörku og Noregi, á sama stað og Ísland lék fyrst í lokakeppni á stórmóti í kvennaflokki árið 2010.

Ísland var í neðsta styrkleikaflokki þegar dregið var í gær og því ljóst að andstæðingarnir yrðu alltaf erfiðir.

Tyrkland var fyrsta liðið sem kom upp úr pottinum. Ísland hefur sjö sinnum áður mætt Tyrklandi og hafa Tyrkir unnið fjóra leiki, þrem ur lokið með sigri Íslands. Liðin mættust í undankeppni HM í haust þar sem Ísland vann þrettán marka sigur en Tyrkir hafa aldrei komist á stórmót.

Króatía var næsta lið sem bættist við riðil Íslands. Króatar hafa verið fastagestir á síðustu átta Evrópumótum og unnu tíu marka sigur á Íslandi á EM 2010. Í sex tilraunum hefur Íslandi aldrei tekist að vinna Króatíu.

Að lokum komu ríkjandi heims- og Evrópumeistarar í riðil Íslands. Frakkar hafa unnið síðustu fjórtán leiki liðanna í röð eftir að Ísland vann fjórar fyrstu viðureignir liðanna árið 1984.



**Axel var nokkuð sáttur með riðil íslenska liðsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Axel Stefánsson, þjálfari landsliðsins, virtist bara nokkuð sáttur með riðilinn þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans.

„Þetta var bara fínt, við gátum verið heppnari en á sama tíma gátum við verið óheppnari með andstæðinga. Þetta verður spennandi verkefni að takast á við,“ segir Axel og bætti við:

„Frakkland er með langbesta liðið í þessari undankeppni en það verður gaman að mæta þeim. Við verðum að læra af þessum leikjum gegn þeim bestu í heiminum.“

Axel tók undir að það væri strax stefnt á annað sætið í riðlinum.

„Þar liggja möguleikar okkar. Króatía var ofarlega á lista hjá manni sem andstæðingur úr þriðja styrkleikaflokki og ég tel að við getum náð úrslitum gegn Króatíu. Við þurfum að leggja allt í sölurnar til að vinna heimaleikinn og reyna svo að sækja úrslit til Króatíu.“

Axel telur að leikirnir gegn Króatíu muni ráða úrslitum í riðlinum.

„Við mættum Tyrkjum í undankeppni HM, þó að þær séu í styrkleikaflokki fyrir ofan okkur tel ég að við að ættum að vinna báða leikina gegn Tyrklandi. Ef við ætlum okkur að ná öðru sætinu verðum við að vinna báða leikina gegn Tyrklandi. Leikirnir gegn Króatíu ættu svo að ráða úrslitum um hvaða lið fylgir Frökkum inn á EM.“

**kristinnpall@frettabladid.is**

# Kvennalandsliðið mætir Suður-Kóreu ytra í nótt

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu leikur sinn fimmta vináttulandsleik á þessu ári þegar liðið leikur við Suður-Kóreu í nótt. Leikurinn hefst klukkan 05.00 að íslenskum tíma en leikið er á Yongin Citizen Sports Park.

Þetta er fyrri leikur liðanna af tveimur í þessu verkefni en liðin spila aftur á þriðjudagsmorgun. Íslenska liðið hefur leikið tvisvar við Skotland á árinu, haft betur í annað skiptið í frumraun Jóns Þórs Haukssonar og Ians Davids Jeffs og tapaði svo þegar liðin mættust á Algarve Cup.

Þar gerði liðið einnig jafntefli við sterkt lið Kanada og vann svo Portúgal. Reynslumiklir leikmenn á borð við Söru Björk Gunnarsdóttur, Dagnýju Brynjarsdóttur, Margréti Láru Viðarsdóttur og Sif Atladóttur fengu frí í þessu verkefni.

Þá komust Anna Björk Kristjánsdóttir, Elín Metta Jensen og Agla María Albertsdóttir ekki í þetta verkefni af mismunandi ástæðum.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Ísland mætir Suður-Kóreu sem var í 14. sæti á síðasta styrkleikalista sem FIFA gaf út á meðan Ísland var átta sætum neðar í 22. sæti.

Ef Fanndís Friðriksdóttir spilar báða leikina í ferðinni nær hún þeim áfanga að spila sinn 100. landsleik en hún yrði þá níundi leikmaðurinn til þess að spila 100 landsleiki eða fleiri. Hallbera Guðný Gísladóttir er leikjahæsti leikmaður íslenska liðsins með 102 leiki en hún spilaði 100. landsleikinn í Algarve fyrr á þessu ári.

„Það er ýmislegt líkt með liði Suður-Kóreu og Kanada, þær eru með sterkt lið og beinskeyttar. Þær eru að mörgu leyti ólíkar öðrum Asíuþjóðum þegar kemur að því, því að þær spila fast og ákveðið ofan á það að vera tekniskar og mjög fljótar.



Þetta er verðugt verkefni og við berum virðingu fyrir liði Suður-Kóreu sem er frábært en á sama tíma óttumst við ekkert. Við þurfum bara að einblína á það sem við ætlum okkur að gera,“ sagði Jón Þór í samtali við Fréttablaðið þegar hann valdi leikmannahóp sinn fyrir verkefnið.

„Leikirnir eru um miðjan dag úti þannig að aðstæðurnar verða krefjandi fyrir okkur. Það er eitthvað nýtt fyrir okkur og undir þjálfarateyminu komið að undirbúa leikmennina til að geta mætt af fullum krafti,“ sagði hann enn fremur. **– hó**

# Hlíðarhverfi
## Sölusýning í Reykjanesbæ

BÚUM BETUR
BYGG



## Fjölbreyttar tilbúnar eignir til sýnis
frá 13:00-15:00 laugardag og sunnudag




**Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 34 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði**

# Fjölbýlishús

**BÚUM BETUR**

**BYGG**










## ENDAÍBÚÐ

148.7 fermetrar

Verð: 52.500.000




## MIÐJUÍBÚÐ

112.6 fermetrar

Verð: 44.900.000






**REYNSLA**

# Fólk

Veiði

FÖSTUDAGUR 5. APRÍL 2019



Gunnar Bender veiðiskríbent fer gjarnan með fjölskylduna í veiðiferðir og allir skemmta sér vel. Hann segir að það sé ánægjulegt að stangveiði sé nú að ná til yngri veiðimanna. →8






# Stendur vörð um hagsmuni og réttindi

SKOTVÍS hefur um rúmlega fjögurra áratuga skeið staðið vörð um hagsmuni og réttindi skotveiðimanna hér á landi. Fjölmörg stór verkefni eru fram undan, t.d. að fá skotvopna- og veiðinámskeiðin til félagsins frá hinu opinbera.

Skotveiðifélag Íslands (SKOTVÍS) stendur vörð um hagsmuni og réttindi skotveiðimanna hér á landi en félagið var stofnað árið 1978. Félagið setti sér strax strangar siðareglur sem félagsmenn þurfa að gangast undir. Markmið félagsins hefur alla tíð snúið að því að stuðla að sameiningu skotveiðimanna og áhugamanna um skotveiðar og náttúruvernd, og standa um leið vörð um hagsmuni þeirra, segir Áki Ármann Jónsson, formaður félagsins. Hann segir verkefni félagsins vera ansi fjölbreytt en eitt það stærsta um þessar mundir sé að fá skotvopna- og veiðinámskeiðin til félagsins frá hinu opinbera. „Stjórn SKOTVÍS sendi erindi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í desember á síðasta ári þar sem við óskuðum m.a. eftir því að taka yfir umsýslu og utanumhald fyrir skotvopna- og veiðinámskeið hér á landi og um leið líka veiðikortakerfið. Á Norðurlöndum sjá skotveiðifélögin um slík námskeið en prófin og utanumhald um réttindi eru hjá hinu opinbera. Í dag sjáum við um að útvega kennara á öll veiðinámskeið um allt land þannig að við skiljum ekki hvers vegna SKOTVÍS fær ekki að taka umsýslu og utanumhald námskeiða yfir eins og tíðkast á Norðurlöndum. Módelið virkar vel þar, hvers vegna er það þá ekki hægt líka hér á landi? Við ítrekuðum erindi okkar í febrúar og höfum engin svör fengið frá ráðuneytinu.“

## 25 ára afmæli veiðikortakerfisins

Uppreiknuð heildarúthlutun styrkja úr veiðikortasjóði er um 600 milljónir að sögn Áka. Af þeirri upphæð hafa 360 milljónir runnið til Náttúrufræðistofnunar Íslands, aðallega til rjúpnarannsókna. Líffræðistofnun Háskóla Íslands hefur fengið 100 milljónir en aðrar stofnanir minna.

„SKOTVÍS hefur aðeins fengið úthlutaðar 3 milljónir á þeim 25 árum sem veiðikortakerfið hefur verið við lýði eða 0,5%. Samtökin velta upp þeirri hugmynd hvort 10% af innkomu veiðikorta eigi ekki að renna beint til samtakanna til að standa undir fræðslu nýliða, upplýsingagjöf til veiðimanna og faglegri uppbyggingu veiðistjórnunar innan félagsins. Það væri skemmtileg afmælisgjöf þegar veiðikortakerfið heldur upp á 25 ára afmæli sitt. Á það skal bent að hugmyndin að kerfinu kom frá SKOTVÍS upphaflega,

Framhald á síðu 2 →

sem vildi renna styrkari stoðum undir rannsóknir á veiðidýrum og fá skráningu á veiði tegunda á Íslandi.“

## Fyrsta árið frítt

Félögum í SKOTVÍS hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár. „Í samstarfi við HLAÐ getum við nú boðið fyrsta árið frítt en umsóknarferlið er mjög þægilegt og hægt er að ganga í félagið með SMS-i. Nýir félagar fá samstundis rafræn félagsskírteini og allt ferlið er sjálfvirkt. Stjórnin setti sér það markmið árið 2018 að fjölga félögum í 1.500 en segja má að það hafi heldur betur misheppnast því í lok árs 2018 voru félagar orðnir 1.700 sem jafngildir um 33% fjölgun á einu ári.“ Hann segir að á þriggja ári plani stjórnar sé að fjölga félögum í 2.020 fyrir lok árs 2020 og að gera sem flesta virka veiðimenn félaga í SKOTVÍS. „Sífellt fleiri konur ganga nú í félagið og þeim fjölgar ört á veiðinámskeiðum. Í stjórn SKOTVÍS sitja nú t.d. tvær konur í fyrsta sinn.“

## Plastið út

Áki er nú staddur í Kaupmannahöfn til að stilla saman strengi við önnur skotveiðisamtök Norðurlanda. „Þar verður m.a. rætt samnorrænt átak að fasa út plasti í forhlöðum haglaskota. Þrýst verður á skotaframleiðendur og innflutningsaðila að nota einungis önnur efni sem brotna niður í náttúrunni og valda ekki mengun en forhlöðin brotna niður í örplast og dreifast þaðan í lífverur,“ segir Áki. Einnig verður kosinn nýr forseti NHS (Nordic Hunters Alliance) og farið yfir áherslunatriði fyrir FACE (Samtök skotveiðimanna í Evrópu).

SKOTVÍS hefur einnig sett ýmis náttúruverndar- og umhverfismál á oddinn, t.d. verndun votlendis og líffræðilegs fjölbreytileika. „Samtökin sendu í fyrrasumar drög að samningi milli Fuglaverndar og SKOTVÍS, til að stilla saman strengi sína í þeim markmiðum. Stjórn Fuglaverndar hefur ekki enn tekið afstöðu til samningsins. Þó má geta þess að BirdLife International og FACE hafa gert með sér svipaðan samning til að auka á vernd búsvæða mikilvægra fuglategunda.“

## Áhugaverð fræðslukvöld

Núverandi stjórn SKOTVÍS hefur endurvakið fræðslukvöld félagsins og hafa þau notið sívaxandi vinsælda. „Þar má m.a. nefna fræðslukvöld um hreindýr í fyrravor og um rjúpuna í fyrrahaust. Í síðasta mánuði héldum við fræðslukvöld um siðfræði veiðinnar. Þangað mætti Vigfús Bjarni Albertsson prestur sem hélt fyrirlestur undir heitinu Presturinn, veiðimaðurinn og samviska hans. Eftir hann sköpuðust mjög fjörugar umræður um efnið. Fram undan eru fræðslukvöld um andaveiði, umhirðu skotvopna og meðferð og nýtingu villibráðar.“

## Virk veiðistjórnun til framtíðar

Síðasta haust sótti Áki þriggja daga námskeið um virka veiðistjórnun. Þar var m.a. rætt um veiðistjórnun á rjúpu sem eitt módel en það er að hans sögn mjög gott tól til að útbúa sveigjanlegt veiðistjórnunartæki. „Það vakti athygli að enginn frá Náttúrufræðistofnun Íslands eða umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sat námskeiðið en starfsmenn náttúrustofanna og Umhverfisstofnunar mættu þó vel.“

Ákvörðun veiðitíma og veiðikvóta á rjúpu tókst ekki vel síðastliðið haust eins og allir skotveiðimenn vita. Ráðherra steig inn með málamiðlun um að lengja veiðitímann á rjúpu um þrjá daga, úr tólf dögum í fimmtán. „Á samstarfsfundi fyrr um haustið með hagsmunaaðilum hafði SKOTVÍS kynnt niðurstöður sínar úr úrvinnslu veiðitalna og talninga þar sem niðurstaðan var ljós, fjöldi leyfðra veiðidaga jók ekki sókn veiðimanna í rjúpu. Því kom það mjög á óvart að veiðiráðgjöfin var óbreytt frá fyrri árum. Á það skal bent að áður mátti veiða rjúpu í 68 daga.“

Endurskoðun á lögum um vernd, friðun og villtar veiðar á villtum fuglum og spendýrum stendur nú yfir. SKOTVÍS hefur tilnefnt tvo aðila í nefndina og ljóst að mikil vinna er fram undan fyrir félagið. Vinnufundir munu nú fara af stað til að móta tillögur félagsins og eru ábendingar vel þegnar frá félagsmönnum bætir Áki við.



Sífellt fleiri konur leggja stund á skotveiðar og um leið fjölgar kvenkyns meðlimum í Skotvís. MYND/INGIBJÖRG ANDREA

## Afdrif hreindýrskálfa á veiðitíma

Samtökin Vinir jarðar sendu erindi til Matvælastofnunar árið 2017 og kærðu hreindýraveiðar á grundvelli dýraverndar. „Í svari Umhverfisstofnunar til Matvælastofnunar kom fram að engin gögn bentu til þess að hreindýrskálfar væru ósjálfbjarga við upphaf veiðitíma, heldur þvert á móti. Því er alls ekki um dýraverndarmál að ræða. Þar með hefði afskiptum Matvælastofnunar af málinu átt að ljúka.“

Hann segir veiðikvótann hafa verið tilbúinn um miðjan desember á síðasta ári og hann hefði verið sendur í ráðuneyti. „Í lok janúar var haldinn fundur um vanhöld kálfa á veiðitíma á Egilsstöðum. Þar mættu ýmsir sérfræðingar ásamt fulltrúum stjórnsýslunnar, hátt í 20 manns. Matvælastofnun sendi fulltrúa á fundinn símleiðis. Á fundinum var staðfest að þau gögn sem eru til benda til þess að náttúruleg vanhöld kálfa hafi minnkað en ekki aukist eftir að veiðibann var sett á þá. Auk þess er ekkert sem bendir til þess að veiðar á hreindýrskúm hafi neikvæð áhrif eftirlifandi kálfa. Tíu dögum seinna bólaði ekkert á kvóta, þannig að við hjá SKOTVÍS og Félagi leiðsögumanna gengum í málið og loks var kvótinn gefinn út.“

Af þessu má sjá að starf SKOTVÍS hefur sjaldan verið kröftugra en mikið starf í þágu allra þeirra sem stunda skotveiði á Íslandi er þó enn óunnið segir Áki. „Við viljum því hvetja alla þá sem vilja geta gengið til veiða um ókominn ár til að styðja við þessa mikilvægu hagsmunabaráttu okkar allra og gerast félagar í SKOTVÍS.“

En svona í lokin, hvernig líst skotveiðimönnum á veganbyltinguna? „Mín persónulega skoðun er sú að við eigum margt sameiginlegt. Báðir aðilar vilja borða mat sem kemur beint úr náttúrunni og er annt um umhverfið. Svo lengi sem við virðum sjónarmið hvorir annarra án dómhörku þá erum við vinir,“ sagði Áki að lokum.



Rjúpnaveiðar hafa lengi notið mikilla vinsælda meðal veiðimanna. MYND/PÉTUR ALAN

> Í samstarfi við HLAÐ getum við nú boðið fyrsta árið frítt en umsóknarferlið er mjög þægilegt og hægt er að ganga í félagið með SMS-i.

SKOTVÍS 40 ÁRA




SKOTVÍS hefur endurvakið fræðslukvöld félagsins sem eru mjög vinsæl.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Benedikt Bóas Hinriksson** benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


Ertu á leið í veiðiferð?
Hjá Arctic Trucks færðu margskonar aukabúnað sem hlífir bílnum og gerir ferðina þægilegri.
Bíll á mynd:
Toyota Land Cruiser 150 AT35
TRAPPA
Fest á prófíl-dráttarbeisli. Virkar einnig sem árekstrarvörn.
WeatherTech
PLASTHLÍFAR
Húddhlífar, gluggvindhlífar og ljósahlífar á flestar gerðir bíla.
EGR
SÆTAHLÍFAR
Sterkar og vandaðar hlífar sem passa á flest sæti. Fáanlegar bæði fyrir stök sæti og bekki.
Hlífa sætunum við óhreinindum, auðvelt að taka af og þvo.
ÁLBOX
Fáanleg í mörgum stærðum.
Frábær á pallinn eða í skottið.
alpos
MOTTUR Í SKOTT
Vandaðar gólfmottur í skottið sem passa í allar gerðir bíla.
Taka sérlega vel við bleytu og óhreinindum.
WeatherTech
ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS
Arctic Trucks
Kletthálsi 3
110 Reykjavík
sími 540 4900
info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is

# Verðlaunabyssur og vöðluviðgerðir

Vart þarf að kynna Agnar Guðjónsson byssusmið fyrir íslenskum skotveiðimönnum enda er hann sá elsti í faginu og hefur rekið byssusmiðju frá haustinu 1986. Nýlega opnaði hann nýja og glæsilega sérverslun fyrir skotveiðifólk í Grafarvogi.



Agnar Guðjónsson byssusmiður og Ívar Agnarsson sölustjóri. MYNDIR/ANTON

Pabbi er elsti byssusmiður landsins og útskrifaðist úr byssusmíði frá Colorado School of Trades í Denver í júní 1986. Hann er landskunnur meðal skotveiðimanna fyrir afbragðs byssuviðgerðir og umboð fyrir heimsþekktar og margverðlaunaðar byssur frá Winchester og Browning,“ upplýsir Ívar Agnarsson, sölustjóri Byssusmiðju Agnars og sonur hins frækna byssusmiðs.

Í Byssusmiðju Agnars hefur verið rekið rómað byssuverkstæði og byssuverslun í 33 ár og rétt fyrir síðustu jól opnaði fyrirtækið nýja og glæsilega sérverslun skotveiðimanna í Hverafold 1-3 í Grafarvogi.

„Okkur langaði að stækka við okkur, bjóða upp á enn meira vöruúrval og opna heillandi sérverslun þar sem skotveiðifólk finnur allt sem þarf fyrir veiðina. Við seljum nú hágæða veiði- og útivistarfatnað fyrir bæði kynin frá danska framleiðandanum Härkila en hann vann nýverið til verðlauna fyrir Pro Hunt Move-herralínuna og Freyju-dömulínuna á British Shooting Show sem er stærsta og virtasta byssusýning


Winchester SX4 var valin haglabyssa ársins hjá NRA í Bandaríkjunum 2018.

Bretlandseyja,“ upplýsir Ívar með stolti yfir því að geta nú boðið íslensku skotveiðifólki fatnað og skó frá Härkila.

### Kvennatvíhleypur á leiðinni

Ný sérverslun Byssusmiðju Agnars hefur hlotið frábærar viðtökur veiðimanna.

„Úrval veiðivarnings í búðinni er fjölbreytt og einstakt. Við erum meðal annars með umboð fyrir þýsku Minox-sjónaukana og einnig sjónauka og sigti frá Truglo. Einnig einstakan fatnað og byssur frá Browning, sem og byssur frá Winchester. Hér er til dæmis að finna verðlaunabyssuna Winchester SX4 sem hefur eina hröðustu skiptingu í hálfsjálfvirkum haglabyssum í dag en ítalski heimsmeistarinn Raniero Testa skaut þrettán leirdúfur á 1,6 sekúndum með SX4. Þá völdu Landssamtök byssueigenda í Bandaríkjunum (NRA) Winchester SX4 haglabyssu ársins í fyrra, enda algjörlega ómótstæðileg byssa á frábæru verði,“ segir Ívar og handleikur SX4 sem fæst svört



Dönsk verðlaunahönnun Härkila.

og í felulitum og gagnast við allar aðstæður.

Síðsumars bætist við kærkomin nýjung fyrir skotveiðifólk í Byssusmiðju Agnars.

„Þá tökum við inn sérstakar kvennatvíhleypur frá Akkar sem eru sérstaklega sniðnar að kvenlíkamanum. Það er bæði ánægjulegt og tímabært að bjóða upp á léttari og meðfærilegri byssur fyrir konur í skotveiði,“ útskýrir Ívar um Churchill-tvíhleypurnar frá Akkar.

Þess má geta að Byssusmiðja Agnars býður upp á vandaðar vöðluviðgerðir.

„Við gerum við allar vöðlur, stór göt sem lítil, og hvort sem vöðlurnar eru úr Goretex eða Neoprene,“ segir Ívar sem hvetur skotveiðifólk til að fylgja Byssusmiðju Agnars eftir á Facebook þar sem reglulega bjóðast spennandi tilboð og nýjungar.

Byssusmiðja Agnars er í Hverafold 1-3 í Grafarvogi. Sjá nánar á galleribyssur.is og á Facebook.

# Undarlegasta löndunin

Laxveiðimenn huga oftast að mögulegum löndunarstöðum er þeir stunda veiðar. Í þessu klaufalega tilviki var alls ekki hugað að slíku. Laxinn náðist samt á land, en líklega með frumlegasta hætti.

Finnur Thorlacius skrifar
finnurth@frettabladid.is

Ein fallegasta á sem höfundur hefur veitt lax í er á efra svæði Hítarár á Mýrum, sem nefnist Grjótá/Tálmi og þar kosta veiðileyfin talsvert minna en í Hítaránni. Þarna er ægifalleg náttúra eins og hún gerist fegurst við íslenskar veiðiár og víða grasi gróið að bökkum árinnar. Veiðihúsið sem fylgir veiðileyfinu er fremur stór sumarbústaður þar sem veiðimenn elda sjálfir, eitthvað sem margir veiðimenn kunna að meta. Á neðri hluta þessa veiðisvæðis Grjótár/Tálma breiðir áin úr sér og auðvelt fyrir veiðimenn að athafna sig. Rétt fyrir ofan veiðihúsið rennur áin hins vegar í fremur þröngu gili að hluta, ægifögru en þó ekki mjög djúpu.

Þangað var haldið á öðrum degi veiðiferðar fyrir nokkrum árum og ákveðið að klöngrast í upphafi dags fyrir neðan foss einn í grunnu gljúfrinu. Þarna er ekki auðvelt að athafna sig og veiðimaður þarf að standa milli stórgrýtis og fátt sem telst þokkalegt undirlag. Fyrir því var sem sagt ekki mikið hugsað hvernig landa ætti laxi ef hann biti nú á, en það var nú seinni tíma vandamál! Ekki bætti úr skák að veiðifélagi minn hafði þurft að bregða sér í bæinn á fund um morguninn og því enginn til að hjálpa til við löndun ef lukkan gengi í lið með veiðimanni.

### Hann er á!

En hver veit, rétt um mínútu eftir að færið var lagt út og látið renna niður hylinn neðan fossins kom þessi líka flotti kippur, hann var á og miðað við lætin mátti fullt eins búast við tveggja ára fiski af vænni gerðinni. Svo mikil voru lætin í fiskinum að hann var brátt kominn langt niður ána. Ekki vill betur til en svo að áin tekur hægri beygju, séð niður eftir ánni, steinsnar neðan fossins og þangað stormaði laxinn og hvarf sjónum í bili. Því lá línan utan í kletti við beygjuna og engan lax að sjá í dágóðan tíma.

Þá voru góð ráð dýr, líklega myndi línan sargast í sundur við átökin, en ekki var annað í boði en að taka sénsinn og reyna að hala hann inn, leikurinn var hvort sem er tapaður að öðrum kosti. Það var ekki sérlega huggulegt að heyra í línunni sargast utan í klettinum þegar dregið var inn og við því búist að fá línuna í andlitið er hún slitnaði við átökin. En lengi má vona hið besta og það var einmitt það sem gerðist, línan hélt og allt í einu fór að sjást í spriklandi laxinn sem ekki linnti látunum. Fátt var annað að gera en að taka á honum og stytta vegalengdina á milli


Laxinn reyndist vera 11 pund og bragðaðist bara ágætlega reyktur,

okkar, en ekki vildi ég missa hann aftur niður fyrir beygjuna. Ekki þarf að taka það fram að enginn var árbakkinn til að fikra sig eftir niður eftir, bara klettar niður að ánni.

Þegar laxinn var halaður inn í rólegheitum sást betur og betur að þarna var þokkalega vænn fiskur sem full ástæða væri til að ná, þó ekki væri fyrir annað en að sanna þessa lygilegu veiðiaðferð fyrir veiðifélögunum. Laxinn fékk um hálftíma til að klára krafta sína og oft var hann kominn að fótum veiðimannsins, er hann tók eina rokuna enn. Ávallt var honum gefin lína en ekki of löng og aldrei full hersla á bremsunni. Ekki var þó skemmtileg tilhugsun um hvernig mætti landa þessum óþekktaranga, engin var eyrin, bara hyldýpið neðan stórgrýtisins og bara klettar fram að árbrún að neðan.

### Stönginni fleygt og laxinn handsamaður

Því var líklega eina aðferðin fólgin í því að sporðtaka gripinn þegar hann væri kominn að fótum veiðimanns. Fyrsta tilraunin til þess mislukkaðist, en með stöngina í annarri var hin höndin komin með tak framan sporðs en þá bilaðist allt aftur og laxinn tók enn eina rokuna. Næsta tilraun var enn

**„En lengi má vona hið besta og það var einmitt það sem gerðist, línan hélt og allt í einu fór að sjást í spriklandi laxinn.**

frumlegri, en þegar laxinn virtist orðinn örmagna við fætur veiðimanns henti hann stönginni á milli stórra steina, beygði sig samstundis að fiskinum og tók hann báðum höndum og handsamaði eins og galvaskur laganna vörður. Svo mikil hræðsla var við að missa laxinn að honum var troðið í geil á milli tveggja steina þar sem hann gæti alls ekki hreyft sig.

Hægt og rólega var hann þó losaður þaðan til að losa færið og tryggja að hann ætti ekki afturkvæmt í ána, þ.e. rota hann. Stoltur veiðimaður var svo úrvinda eftir þessa óvæntu veiði og óvenjulegu löndun að haldið var aftur að veiðihúsi með laxinn í hendi, enda þurfti líka að koma honum í kælingu og vigta hann. Mætti ég þá tveimur veiðifélögum mínum sem trúðu náttúrulega ekki sögu minni og trúa henni væntanlega ekki enn. Laxinn reyndist vera 11 pund og bragðaðist bara ágætlega reyktur, ef til vill enn betri vegna þess hvað mikið var fyrir honum haft.

# Lúxusleikur Valor!

## ALVÖRU SÚKKULAÐI OG LÚXUSGISTING Á HÓTEL RANGÁ.

Valor á Íslandi ætlar að bjóða einhverjum heppnum í einnar nætur gistingu í lúxusherbergi á Hótel Rangá. Morgunverður og fjögurra rétta veislukvöldverður er innifalinn.

Það eina sem þú þarft að gera er að segja okkur hverjum þú vilt bjóða með þér á Hótel Rangá með því að skrifa athugasemd á Facebooksíðuna okkar.




STEVIA
SYKURLAUST

**VALOR**
**FYRIR ALVÖRU**
**SÚKKULAÐIUNNENDUR**

#valoriceland

HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining

*Allir vinsælustu vöðlupakkarnir á einum stað – fyrir alla*

# ÓVIÐJAFNANLEG VORTI



FERMINGAR 2019
HÉR ERU GJAFIRNAR.

VEGLEGUR KAUPAUKI:
**VEIÐIKORTIÐ 2019**
FYLGIR MEÐ FYRSTU
100 VÖÐLUPÖKKUNUM

NÝTT 2019

**REDINGTON** *Vöðlupakki* **CROSSWATER**
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON PALIX SKÓM.
*Þú velur gúmmí- eða filtsóla.*
PAKKATILBOÐ AÐEINS
**29.995 KR.**

**REDINGTON** *Vöðlupakki* **PALIX**
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON PALIX SKÓM.
*Þú velur gúmmí- eða filtsóla.*
PAKKATILBOÐ AÐEINS
**34.995 KR.**

**SIMMS** *Vöðlupakki* **FREESTONE**
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT SIMMS FREESTONE SKÓM.
*Þú velur gúmmí- eða filtsóla.*
PAKKATILBOÐ AÐEINS
**65.900 KR.**

**SIMMS** *Vöðlupakki* **TRIBUTARY**
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT SIMMS FREESTONE SKÓM.
*Þú velur gúmmí- eða filtsóla.*
PAKKATILBOÐ AÐEINS
**49.995 KR.**

**SIMMS** *Vöðlupakki* **TRIBUTARY** *Dömusnið*
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT SIMMS FREESTONE SKÓM.
*Þú velur gúmmí- eða filtsóla.*
PAKKATILBOÐ AÐEINS
**49.995 KR.**

**REDINGTON** *Vöðlupakki* **WILLOW** *Dömusnið*
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON WILLOW SKÓM.
*Þú velur gúmmí- eða filtsóla.*
PAKKATILBOÐ AÐEINS
**36.995 KR.**

## VINSÆLU REDINGTON FLUGUVEIÐIPAKKARNIR Á ÓVIÐJAFNANLEGU VORTILBOÐI

*Aðeins í apríl eða á meðan birgðir endast*

FERMINGAR 2019
HÉR ERU GJAFIRNAR

**REDINGTON CROSSWATER**
VÖNDUÐ, MIÐHRÖÐ STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. STÖNGINNI FYLGIR GOTT REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS **23.995 KR.**
FULLT VERÐ 29.995 KR. **ÞÚ SPARAR 6.000 KR.**

**REDINGTON PATH II**
VÖNDUÐ, MIÐHRÖÐ STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. STÖNGINNI FYLGIR GOTT REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR. LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á STÖNG FRÁ FRAMLEIÐANDA.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS **27.995 KR.**
FULLT VERÐ 34.995 KR. **ÞÚ SPARAR 7.000 KR.**

**REDINGTON VICE**
KRAFTMIKIL, VÖNDUÐ STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. VANDAÐ REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR. LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á STÖNG FRÁ FRAMLEIÐANDA.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS **39.995 KR.**
FULLT VERÐ 49.995 KR. **ÞÚ SPARAR 10.000 KR.**

**REDINGTON MINNOW**
VÖNDUÐ MIÐHRÖÐ STÖNG FYRIR YNGSTU FLUGUVEIÐIMENNINA. 8 FETA STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. VANDAÐ HJÓL OG UPPSETT FLOTLÍNA FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS **19.995 KR.**
FULLT VERÐ 28.995 KR. **ÞÚ SPARAR 6.000 KR.**

## VANTAR ÞIG GÓÐA OG VANDAÐA FLUGUSTÖNG Í SAFNIÐ? NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!

SAGE

*Við frystum verð á öllum Sage flugustöngum og hjólum í apríl.*

GAMLA GENGIÐ GILDIR TIL 1. MAÍ.
NÁÐU ÞÉR Í **SAGE** Á GAMLA GENGINU.
*ÁÐUR EN ÞAÐ VERÐUR OF SEINT.*



ALLAR **SAGE** FLUGUSTANGIR OG FLUGUHJÓL **Á GAMLA GENGINU TIL 1. MAÍ.**

## TFO NÝTT MERKI Í VEIÐIHORNINU



TFO

**20%** KYNNINGARAFSLÁTTUR Á ÖLLUM **TFO** FLUGUSTÖNGUM OG FLUGUHJÓLUM Í APRÍL.

GRÆJAÐU ÞIG UPP Í **VEIÐIHORNINU**

# Sjósport

FÖSTUDAGUR 5. APRÍL 2019

**Kynningar:** Adventure Vikings, Hafsport



# Ævintýri í kyrrðinni

Adventure Vikings er afþreyingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í útivist og ævintýraferðamennsku. SUP Iceland er ný eining innan veggja Adventure Vikings sem fyrirtækið fór af stað með fyrir tveimur árum og sér ekki fyrir endann á vinsældunum. →2

**Einn af kostum SUP sportsins er að viðkomandi upplifir náttúruna og landslagið öðruvísi en í landi sem getur verið mögnuð upplifun.** MYND/HEIMIR BERG



Adventure Vikings fór af stað með SUP Iceland fyrir tveimur árum og sér ekki fyrir endann á vinsældum sportsins. Skiljanlega. Hver vill ekki vera í þessum sporum? MYNDIR/HEIMIR BERG

Framhald af forsíðu ➪

Það jafnast fátt á við að róa úti á vatni eða hafi á fallegum sumarkvöldum í allri kyrrðinni,“ segir Heimir Berg Halldórsson hjá Adventure Vikings sem býður upp á SUP námskeið auk ýmissar annarrar ævintýraferðamennsku. SUP, eða Stand Up Paddle sem sumir kalla standbretti á íslensku, er eitthvað sem útivistar- og sjósportsunnendur verða að prófa, segir Heimir. „Þetta er bæði alveg ótrúlega gaman og er líka mikil upplifun.“ Skipti aldur þar nánast engu máli, hvort viðkomandi er 12 ára eða sjötugur, þetta sé eitthvað sem er fyrir alla aldurshópa.

„Við fórum af stað með þetta fyrir tveimur árum og höfum verið að kenna áhugasömum Íslendingum á SUP sportið. Fá vinahópa og fyrirtæki í SUP hópefli og fara með erlenda ferðamenn í SUP dagsferðir út á land í flott landslag. Það hefur tekist ótrúlega vel og við erum vel bókuð út sumarið,“ segir hann.

Adventure Vikings er með búnað frá Red Paddle co., aðallega út af gæðunum og veðráttunni á Íslandi. Heimir segir að merkið sé án efa rollsinn á SUP markaðinum í dag og ráði við þær erfiðu aðstæður sem hér eru allt árið. Brettin eru uppblásanleg og aðeins tekur um fjórar mínútur að blása þau upp. Þau verða mjög stíf og gefa mikið flot. „Við erum að fara með fólk sem hefur enga reynslu og það nær að standa og njóta sín.“

Einn af kostum SUP er hvað brettið er meðfærilegt. Það tekur lítið pláss þegar loftið er farið úr því. „Það er mikið frelsi að geta pakkað þeim saman og ferðast með þau hvert sem er. Það er engin þörf á að eiga pallbíl eða jeppa eða neitt slíkt því brettin pakkast ofan í ferðatösku. Svo notum við þurrgalla og blautgalla, 5 mm hanska og skó.“

## SUP námskeið Adventure Vikings

SUP Iceland og Adventure Vikings munu bjóða upp á SUP námskeið seinnipartinn á þriðjudögum í allt sumar í nágrenni Reykjavíkur. Námskeiðið stendur yfir í 3-4 klukkustundir og þar gefst þátttakendum tækifæri til að læra réttu handtökin, meðhöndlun



Brettin eru meðfærileg og passa í hvaða skott sem er. „Það er mikið frelsi að geta pakkað þeim saman og ferðast með þau hvert sem er,“ segir Heimir.

> Við erum að fara með fólk sem hefur enga reynslu og það nær að standa og njóta sín.
>
> Heimir Berg



á búnaði og að hitta aðra þátttakendur sem eru að fóta sig í sportinu. Boðið er upp á bæði L1 byrjendanámskeið og síðan L2 námskeið fyrir lengra komna.

Heimir segir að allir leiðbeinendur séu með mikla reynslu úr sportinu og hafi stundað vatnasport frá unga aldri. Auk þess sé eini ASI SUP INSTRUCTOR kennarinn á Íslandi í teyminu.

L1: Byrjendanámskeiðið er fyrir þá sem eru að prófa í fyrsta skipti og námskeiðið er haldið í öruggu umhverfi á stöðuvatni í nágrenni Reykjavíkur. Þar læra þátttakendur allt um SUP sportið, meðhöndlun á búnaðinum, öryggisatriði og tæknina við að róa.

L2: Námskeiðið er fyrir lengra komna og er örlítið meira krefjandi þar sem þátttakendur róa úti á opnu hafi og læra að lesa aðstæður. Í lokin er farið í skemmtilegan SUP túr í nágrenni Reykjavíkur. Þátttakendur þurfa að hafa klárað L1 til að vera gjaldgengir í L2.

SUP námskeið kostar 9.900 kr.

## Hvataferðir og hópefli fyrir fyrirtæki, vina- og skólahópa

Heimir segir að gerð séu tilboð fyrir viðkomandi hóp í SUP hvataferð. Það sé frábær kostur og henti einkar vel til að hrista hópinn saman og ekki síður til að eiga skemmtilegan dag í fallegu umhverfi. „Við sérsníðum prógrammið að hverjum hóp fyrir sig en bjóðum jafnframt bæði upp á SUP bretti fyrir einstaklinga og stærri XL bretti þar sem 6-8 manns geta róið saman og reynir það mikið á samskipti, samvinnu og jafnvægi hópsins.

Starfsmannadagurinn hjá SUP Iceland er eitthvað sem allir verða að prófa og hentar líka vel sem partur af stærri starfsmannadegi þar sem haldið er áfram í næsta hópefli. Við erum auk þess vel búin og getum boðið upp á akstur fyrir allt að 30 manns til og frá þeim stað þar sem hópeflið fer fram,“ segir hann.

## Surf námskeið

Surf byrjendanámskeiðið er fyrir löngu búið að sanna sig og hefur verið gríðarlega vinsælt frá árinu 2010. „Þar höfum við mest verið að einblína á Íslendinga en höfum



Surf byrjendanámskeiðið er fyrir löngu búið að sanna sig og hefur verið gríðarlega vinsælt frá árinu 2010. Námskeiðið kostar 18.900 krónur.



Í SUP-inu getur fólk séð borgina á nýja vegu, standandi á brettinu og notið.

verið að fá mikið af ferðamönnum á námskeiðið síðustu ár. Það hefur verið mikil vakning í sörfinu undanfarið og Íslendingar eru að átta sig á að þetta sé virkilega hægt hérna heima.

Við fáum auk þess mikið af Íslendingum sem hafa verið að ferðast erlendis og prófað að sörfa þar, koma síðan heim og langar að byggja ofan á þá sörfreynslu og prófa að sörfa við íslenskar aðstæður,“ segir Heimir.

Þátttakendur surf námskeiðsins læra undirstöðuna á brettinu í landi, svo er farið yfir öryggisatriðin og þátttakendum kennt að lesa hafið og öldurnar. „Svo er farið út í og þátttakendur reyna að stíga sína fyrstu öldu sem er mikill sigur fyrir alla sem eru að prufa í fyrsta skipti. Þetta er eitthvað sem allir jaðarsports- og útivistarunnendur verða að prófa,“ segir Heimir.

Surf námskeið kostar 18.900 kr.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is



HOBIE-MEST SELDU PEDAL-KAYAKAR Í HEIMI
Hobie
Forsalan er hafin
Tryggðu þér alvöru pedal-kayak fyrir næstu veiðiferð
Vertu með allt á þurru!
Þurrgallar eru nauðsynlegir í vatna- og sjósportið, mikið úrval.
GG•sport
Smiðjuvegur 8, Græn gata - 200 Kópavogi, sími: 571 1020
Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is
GG-sport
BYKO
„Finndu okkur á Facebook"



Hér er Koxa á ferðinni en merkilegt nokk er þetta ekki aldan sem hann setti heimsmetið á heldur önnur minni.



Rodrigo Koxa með skjalið sem sýnir að Heimsmetabók Guinness hafi staðfest öldumetið hans.



Gamla brýnið, Ástralinn Ross Clarke-Jones sem er orðinn 52 ára, hendir sér niður ofuröldu í janúar. NORDICPHOTOS/GETTY



Breski ofurhuginn Andrew Cotton alveg við það að sleppa úr klóm einnar öldunnar við strendur Nazaré.



Sebastian Steudtner frá Þýskalandi reynir fyrir sér. Áhorfendur fylgjast spenntir með ferðalagi hans.

# Risaöldur Nazaré

**Rodrigo Koxa á heimsmetið í því að fara niður stærsta öldu á brimbretti. Fyrra metið var í eigu leiðbeinanda hans, Garretts McNamara, sem kynnti Nazaré fyrir ofurhugum heimsins.**

Ég man að ég sá skuggann á öldunni og hugsaði: Þessi verður stór,“ rifjaði Rodrigo Koxa, heimsmethafi í brimreiðum, upp fyrir skemmstu í samtali við Smithsonian-vefinn. Koxa fór niður rúmlega 24 metra öldu við strendur Nazaré í Portúgal og hirti metið af goðsögninni Garrett McNamara.

Koxa rifjaði upp þennan dag fyrir skömmu. Þegar hann fór niður ölduna stóru í nóvember 2017 voru liðin þrjú ár frá því að hann stórslasaðist við sömu iðju á sama stað.

„Ég lét næstum lífið þann dag. Það slokknaði á mér og þetta var hræðilegur tími í lífi mínu,“ rifjaði Koxa upp. Hann missti styrktaraðilana og átti erfitt með svefn. En hann komst á fætur og skellti sér á brettið á ný. Hann hafði alltaf dreymt um að vera brimbrettamaður sem svífur niður þessar ógnarstóru öldur. Hann byrjaði ungur á brimbretti og frétti af Nazaré í gegnum téðan McNamara. „Hann er eins og stóri bróðir fyrir mér. Hann fór með mig upp í Meistaradeildina,“ segir Koxa.

McNamara kynnti ekki aðeins risaöldur Nazaré fyrir Koxa því þessi einstaki ofurhugi kynnti heiminum staðinn sem nú er þekktur fyrir að vera með ótrúlegar öldur. Gífurlegur fjöldi mætir í þetta litla þorp í Portúgal á ári hverju til að láta reyna á hæfileika sína og enn fleiri mæta til að horfa á.

„Einhvern veginn setti ég alla mína hræðslu til hliðar þegar ég sá hvað var í vændum. Ég veit reyndar ekkert hvert hræðslan fór því ég hafði aldrei séð aðra eins öldu. Ég var á réttum stað á réttum tíma og ég þurfti að fara nánast beina leið niður. Aldan var allan tímann á eftir mér og reyndi að gleypa mig og ég heyrði vel í henni,“ sagði Koxa.

Sá fyrsti til að hringja í Koxa eftir að metið var staðfest í nóvember í fyrra var McNamara.

**22** metrar var sviðið hjá Guns N'Roses í Laugardalnum.

**30** metrar verður hæsta tré landsins árið 2021 samkvæmt vef Skógræktarinnar.

**24** metrar er málverk Errós í Breiðholti.

**23** metra há er eystri stálbrúin yfir Elliðaár.

**22** metrar voru í markið þegar Gylfi Þór skoraði gegn Leicester í vetur.



SEA-DOO®

VERÐ FRÁ
1.190.000.KR



ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

# Frábært úrval fyrir sjósportið

## Hafsport í Kópavogi býður upp á gott úrval af vörum tengdum sjósporti, þar á meðal gott úrval af kajökum og sjósundsvörum.

Verslunin Hafsport í Kópavogi býður upp á gott úrval af vörum tengdum sjósporti, þar á meðal gott úrval af kajökum og sjósundsvörum, segir Þorvaldur Hafberg, eigandi Hafsports. „Vinsældir kajaksportsins hafa vaxið gífurlega mikið á undanförnum árum og verslun okkar býður upp á vandaða, stöðuga kajaka sem einfalt er að taka með í stutta túra og í fríið. Kajakarnir okkar eru þannig búnir að auðvelt er að taka þá í sundur, skella þeim í skottið eða hjólhýsið, og bruna af stað. Við teljum að kajaksportið eigi eftir að vaxa mikið því þetta er skemmtilegt sport sem allir geta tekið þátt í.“

Úrvalið af kajökum og vörum þeim tengdum er mikið og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi bætir Þorvaldur við. „Við bjóðum upp á veiðikajaka, kajaka fyrir byrjendur og fyrir lengra komna. Einnig bjóðum við upp á vönduð björgunarvesti, léttar árar þar sem hægt er að stilla lengdina, þurrgalla, svuntur, helstu fylgihluti og varahluti.“





### Sjósundið vinsælt

Sjósund er önnur íþrótt sem hefur notið sífellt meiri vinsælda undanfarin ár og Hafsport þjónar þeim ört stækkandi hópi með úrvali af vönduðum vörum. „Bæjarfélög víða um land hafa sett upp aðstöðu fyrir sjósundsfólk en sjóböð eru þekkt fyrir að styrkja ofnæmiskerfið og vera einstaklega góð fyrir húðina þar sem sjórinn er ríkur af steinefnum. Við bjóðum upp á allan búnað sem hentar í sjósundið, t.d. hanska, skóbúnað, sundgleraugu, sundhettur og sundfatnað. Nýjasta varan okkar er vind- og vatnshelt ponsjó sem frábært er að skella yfir sig þegar komið er upp úr köldum sjónum. Allur sjósundsfatnaður sem við seljum er úr endurunnu efni en framleiðandinn er í samvinnu við kafara og kajakræðara sem hreinsa strandlengjur af nælonnetum og endurvinna efnið í sundfatnað.“

### Mikið úrval

Utan ofangreindra vara býður Hafsport upp á gott úrval vara fyrir þá sem vilja stunda fjölbreytta og skemmtilega útivist. „Yfir sumartímann er mjög vinsælt að snorkla, bæði hér heima og erlendis og bjóðum við m.a. upp á sett til sölu sem inniheldur grímu, öndunarpípu og froskalappir. Einnig bjóðum við upp á mikið úrval af köfunarvörum frá öllum helstu framleiðendum sem og viðhaldsþjónustu á slíkum búnaði. Sjóskórnir okkar hafa verið gífurlega vinsælir til að hafa meðferðis í gönguferðir út um allan heim þar sem vaðið er yfir ár og fyrir ströndina. Hér má finna gott úrval af sundfatnaði fyrir allan aldur og fylgihluti og einnig utanborðsmótora, báta, björgunarvesti, öryggishjálma og köfunarvörur.“



„Við bjóðum upp á allan búnað sem hentar í sjósundið, t.d. hanska, skóbúnað, sundgleraugu, sundhettur og sundfatnað,“ segir Þorvaldur Hafberg, eigandi Hafsports sem er til húsa í Kópavoginum. MYND/ERNIR

Allar nánari upplýsingar má finna í nýrri vefverslun Hafsports, www.hafsport.is.

# Ein besta ákvörðun lífsins

## Heiða Mjöll Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur segir sjósund vera bestu verkjameðferð sem hún hefur fundið. Einu aukaverkanirnar eru gleði og orka og félagsskapurinn er frábær og gefandi.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Það eru rúmlega þrjú og hálft ár síðan Heiða Mjöll Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur hóf að stunda sjósund sem hún segir eina bestu ákvörðun lífs síns. „Á þessum tíma var ég í nokkur ár búin að kljást við óútskýrð veikindi sem líklegast voru tengt rakaskemmdum. Þeim fylgdu ýmis undarleg einkenni, meðal annars þau að mér var alltaf rosalega kalt og var ég farin að nota nýtt hugtak, sem var að mér væri „innankalt“. Það var því heilsubrestur sem rak mig út í sjósundið en þá prófar maður gjarnan ótrúlegustu hluti og jafnvel misgáfulega. Af öllu því sem ég hef prófað er þetta það allra gjöfulasta sem ég hef nokkru sinni reynt. Og það besta að ekki þarf að bíða eftir áhrifum, heldur finnur maður þau strax. Sem hjúkrunarfræðingur hef ég mikinn áhuga á öllu sem viðkemur heilsu. Ég hafði því kynnt mér nokkuð áhrif kuldaþjálfunar á heilsufar og þótti mjög athyglisvert að hljóta strax ávinning af þessum „hryllingi“.“

### Ekki aftur snúið

Það var seinni hluta sumars 2016 þegar Heiða stakk sér fyrst í svalan sjóinn í Nauthólsvík í Reykjavík. „Góð vinkona bauð mér með og ég ákvað strax að taka þetta alla leið. Ég keypti sjósundshanska, galla, skó og hettu og hafði þar með enga afsökun fyrir því að fara ekki. Þegar ég byrjaði í sjósundi þótti mér alveg makalaust hvað allir voru glaðir, gefandi og miklir vinir. Í sjósundssamfélaginu ríkir mikill kærleikur milli allra og allt er svo viðráðanlegt og skemmtilegt. Þarna var eitthvað alveg nýtt að gerast. Ég las því allt sem ég komst yfir um þetta málefni og komst að því að enska orðatiltækið „high on your own supply“ á svo sannarlega við um sjósundið.“

### Allir kátir og glaðir

Hún segir að samkvæmt rannsóknum séu vísbendingar um að sund í köldum sjó geti hraðað efnaskiptum.„Það verður aukning á framleiðslu á norepinephrins, sem er adrenalín og heldur okkur skörpum, og einni endorfíni sem gerir okkur kát og glöð. Með öðrum orðum komst ég að því að þarna var mögulega hægt að verða uppdópaður af lífinu sjálfu. Dagný Hermannsdóttir frænka mín sagði mér eftir nokkur skipti að sjósundið væri besta verkjameðferð sem hún hefði fundið og aukaverkanir væru bara gleði og orka. Ég hef heyrt fleira segja svipaða hluti auk þess að fá bót við bólgum, verkjum, kvíða og ýmsum öðrum kvillum.“



Heiða Mjöll Stefánsdóttir, aftast fyrir miðri mynd, ásamt hressum sjósundsfélögum. MYND/LAUFEY G. SIGURÐARDÓTTIR

### Engin keppni

Hún hvetur sem flesta til að prófa sjósundið. „Þegar maður finnur svona fjársjóð vill maður deila eins og enginn sé morgundagurinn. Þegar byrjað er í sjósundi skiptir félagsskapurinn öllu máli. Hlustið og berið virðingu fyrir áralangri visku félaganna og munið að sjósund er ekki keppni. Það er hægt að byrja hvenær sem er yfir árið og hægt að fjárfesta í ýmsum búnaði til að verjast mesta kuldanum. En það sem skipti öllu máli er hvernig hugurinn er stemmdur. Auk þess þarf að huga að almennum atriðum eins og að vera vel sofin, vel nærð og vel upplýst. Gefið ykkur tíma til þess að jafna ykkur eftir umgangspestir, kvef eða annað slíkt áður en farið er aftur á stað í sjósund. Ylströndin og ýmsar sérverslanir selja búnað sem þarf til sjósunds en skynsemina er ekki hægt að kaupa. Fyrir þá sem glíma við sjúkdóma eða önnur heilsufarsvandamál mæli ég alltaf með því að viðkomandi ræði við lækni áður en byrjað er.“

Nánari upplýsingar fyrir byrjendur má m.a. finna á nautholsvik.is/sjosund.

# Keppt á brimbrettum á ÓL

Brimreiðar eru meðal þeirra greina sem verður keppt í á Sumarólympíuleikunum í Tókýó á næsta ári. Tvær aðrar nýjar greinar koma inn í hefðbundinn íþróttapakka leikanna, hjólabretti og í klifur.

Eftir að ákvörðun var tekin um að keppa á brimbrettum á Ólympíuleikunum í Tókýó fór af stað mikil umræða um hvort það ætti að keppa í sjó eða í tilbúnum laugum. Eftir japl og jaml og fuður var ákveðið að keppnin skyldi haldin á Shida-ströndinni, rúma 40 kílómetra frá Tókýó.

Flestir höfðu spáð því að keppendur myndu fá sömu öldu yfir sig og kepptu við sömu aðstæður en þess í stað verður látið reyna á náttúruna sjálfa.

Kelly Slater, sem er af mörgum talinn vera einn besti brimbrettamaður allra tíma, hefur búið til tækni sem getur hermt eftir öldum og er hann víst tilbúinn með öll tæki og tól í Tókýó, samkvæmt erlendum miðlum. Það hefur þó ekki verið staðfest af neinum stóru miðlanna.

20 karlar og 20 konur munu keppa á brimbrettum og er talað um að sjálfur Slater muni keppa fyrir hönd Bandaríkjanna. Hann er orðinn 48 ára og ekki víst að yngri kynslóðin tengi neitt sérstaklega við hann. Markmiðið er jú að auka vinsældir brimbretta meðal yngra fólks og ef það tekst ekki er líklegt að brimreiðar verði ekki aftur á dagskrá á Ólympíuleikunum.



Hér má sjá hverni vélin hans Kellys Slater virkar. Sama alda handa öllum en trúlega verður ekki keppt með hjálp tækisins á Ólympíuleikunum.



Kóngurinn sjálfur, Kelly Slater frá Bandaríkjunum, á einni öldunni.



Johanne Defay frá Frakkalandi tók þátt í móti Kellys Slater þar sem vélin var reynd í fyrsta sinn. Defay verður líklega keppandi Frakklands í Tókýó.



Camilla Kemp frá Portúgal sýnir listir sínar í Senegal í World Surf League.




PIPAR\TBWA • SÍA

Pantanir í 515 1100, pontun@olis.is eða olis.is/batar

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

olís REKSTRARLAND

# Flúðasiglingar í áratugi

Á Íslandi hafa flúðasiglingar í straumþungum ám verið stundaðar síðustu áratugi, bæði af djörfu áhugafólki og í seinni tíð af Íslendingum jafnt sem erlendum ferðamönnum sem boðist hefur að kynnast þessu magnaða sporti með fagfólki.

Í boði hafa verið siglingar meðal annars niður Hvítá, Blöndu og vestari og austari Jökulsá í Skagafirði, svo einhver dæmi séu tekin. Fyrir þá sem kjósa mikla spennu er tilvalið að fara í flúðasiglingu niður Jökulsá vestari eða Jökulsá austari. Ferðirnar hafa notið mikilla vinsælda og æ fleiri hafa reynt þessar ævintýralegu ferðir enda gljúfrin sem siglt er um einstök náttúruundur.

Flúðasigling er fjörleg afþreying fyrir alla fjölskylduna og fyrir yngstu og elstu meðlimina hentar ef til vill best að fara niður Blöndu en það er tilvalin skemmtun fyrir fjölskyldur með ung börn. Landslagið meðfram ánni er fallegt, vatnshraðinn lítill svo nýtt sjónarhorn á náttúruna nýtur sín vel. Þeir sem eru 12 ára og eldri geta farið á vestari Jökulsá og sú austari er fyrir þá sem eru 18 ára og eldri, búa yfir svolítilli reynslu og langar að reyna meira á sig. Þegar siglt er niður árnar blasir hvarvetna á leiðinni við stórbrotin náttúra og merkir staðir. Frábær blanda af spennu og skagfirskri náttúrufegurð. Fyrir þessum siglingum hafa farið reyndir íslenskir og erlendir leiðsögumenn og er fyllsta öryggis jafnan gætt í flúðasiglingunum.



Það er fátt skemmtilegra en að sigla niður flúðir í íslensku umhverfi.



Það þarf ekki mikið til að byrja í ísdorgveiði en betra að fara varlega.

## Ísdorg er skemmtileg iðja

Veiði í þeim óteljandi vötnum sem silungur lifir í er alltaf skemmtileg iðja, ekki síst í gegnum ís. Nú er sá tími reyndar að verða liðinn þennan veturinn þó að ís liggi ennþá yfir þeim vötnum sem standa hátt. Ef ís helst traustur þá er ekkert því til fyrirstöðu að skella sér í ísdorg. Það þarf í raun ekki merkilegan útbúnað fyrir þá sem vilja prófa. Öllu jöfnu er auðsótt að fá leyfi hjá landeigendum sé ís traustur.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að prófa sig áfram í dorgveiðinni, þá er þetta í sjálfu sér ekki mjög flókið og krefst ekki mikils búnaðar, a.m.k. ekki svona til að byrja með. Helsti búnaðurinn sem þarf er ísbor, ausa með götum til að moka upp úr holunni þegar búið er að bora, lítil veiðistöng eða dorgstöng og svo þarf auðvitað beitu. Hægt er að fá þennan útbúnað í flestum veiðivöruverslunum. Auðvitað má svo flækja þetta og bæta við meiri og sérhæfðari búnaði eins og letingja, snjóþotu, broddum á skóna, dýptarmæli, myndavél til að skoða ofan í holuna, bensínbor og ýmsu öðru sem hægt er að telja upp og gerir sportið skemmtilegra með tímanum. Gott er að vera með stóla eða dýnu til að liggja á.

Einnig er nauðsynlegt að klæða sig vel! Rétt er þó að huga sérstaklega vel að örygginu, t.d. hafa ísbrodda um hálsinn þannig að ef þú ferð niður um vök getirðu kraflað þig upp aftur. Gott er að vera ávallt með band eða línu og vera alltaf tveir eða tvö saman. Einnig eru til sérstakir kuldagallar sem hafa floteiginleika en ekki sjálfgefið að þeir fáist hér á landi.

Hægt er að dorga í öllum vötnum sem frjósa og þarf ísinn að vera a.m.k. 10-15 cm þykkur. Skemmtilegast er að dorga undir ís sem er glær því þá sér maður auðveldlega í gegn. Einnig er mjög skemmtilegt að horfa ofan í holu og sjá fiskinn koma og skoða beituna og náttúrulega líka þegar hann tekur. Þetta er auðvelt þegar dýpið er ekki mikið og skyggnið gott undir ísnum. Ekki leyfa þó allir landeigendur að dorgað sé í vötnum þeirra, þó svo margir skilji ekki rök þeirra enda er þetta sport eins og hvað annað þar sem hver tekur ábyrgð á sjálfum sér og varla er ásókn það mikil að hún hafi neikvæð áhrif á fiskistofna.





fjölskylduna
LBOÐ
Veiðibúð allra landsmanna
veiðihornid.is
PANTAÐU Á NETINU OG VIÐ SENDUM ÖLL VORTILBOÐIN FRÍTT Á NÆSTA PÓSTHÚS.
Frábært úrval
ÁREIÐANLEG MERKI
Ótrúlegt verð
AUKAKRÓNUR
NÝTTU AUKAKRÓNUR LANDSBANKANS OG NÁÐU ÞÉR Í VANDAÐAR VEIÐIVÖRUR Á GÓÐU VERÐI Í VEIÐIHORNINU SÍÐUMÚLA 8.
GREIÐSLUDREIFING
SJÁLFSAGT MÁL – RAÐGREIÐSLUSAMNINGAR Á KREDITKORT Í ALLT AÐ 36 MÁNUÐI.
NÝTT 2019
NÝTT 2019
REDINGTON
Vöðlupakki
SONIC PRO
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON PALIX SKÓM.
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
53.995 KR.
REDINGTON
Vöðlupakki
SONIC PRO HD
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON PROWLER SKÓM.
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
66.995 KR.
SIMMS
Vöðlupakki
FREESTONE
Dömusnið
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT SIMMS VAPORTREAD SKÓM.
Með gúmmísóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
65.900 KR.
REDINGTON
Vöðlupakki
SONIC PRO
Dömusnið
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON SIREN SKÓM.
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
59.995 KR.
SIMMS
Vöðlupakki
TRIBUTARY
Krakkastærðir
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON YOUTH SKÓM.
Með gúmmísóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
29.995 KR.
REDINGTON
Vöðlupakki
CROSSWATER
Krakkastærðir
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON YOUTH SKÓM.
Með gúmmísóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
24.995 KR.
VANDAÐIR KINETIC VEIÐIPAKKAR
Á ÓTRÚLEGU VORTILBOÐI
Aðeins í apríl eða á meðan birgðir endast
KINETIC TÖSKUR
20% AFSL. Í APRÍL
KINETIC HÁFAR
20% AFSL. Í APRÍL
FERMINGAR 2019
HÉR ERU GJAFIRNAR.
FERMINGAR 2019
HÉR ERU GJAFIRNAR.
FERMINGAR 2019
HÉR ERU GJAFIRNAR.
SEA MONSTER
Sjóstöng og hjól
3JA HLUTA 7 FETA SJÓSTÖNG ÁSAMT HJÓLI.
Fullt verð 28.995 kr.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 22.995 KR.
MILLENIUM
Kaststöng og hjól
2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM LENGUM ÁSAMT HJÓLI MEÐ ÁSPÓLAÐRI LÍNU. Fullt verð 14.995 kr.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 11.995 KR.
RED OCEAN
Sjóstöng og hjól
2JA HLUTA 6,6 FETA SJÓSTÖNG ÁSAMT HJÓLI MEÐ ÁSPÓLAÐRI OFURLÍNU. Fullt verð 18.995 kr.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 14.995 KR.
ENFORCER
Kaststöng og hjól
2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM LENGDUM ÁSAMT HJÓLI. Fullt verð 12.995 kr.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 9.995 KR.
DEVILFISH
Sjóstöng og hjól
2JA HLUTA 6 FETA STÖNG ÁSAMT HJÓLI MEÐ ÁSPÓLUÐU NÆLONGIRNI. Fullt verð 14.995 kr.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 11.995 KR.
NORDIC LIGHTNING
Kaststöng og hjól
2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM LENGDUM ÁSAMT HJÓLI MEÐ ÁSPÓLAÐRI LÍNU. Fullt verð 10.995 kr.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 8.995 KR.
OXIGAN
Kaststöng og hjól
2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM LENGDUM ÁSAMT HJÓLI. Fullt verð 14.995 kr.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 11.995 KR.
DEVILFISH
Kaststöng og hjól
2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM LENGDUM ÁSAMT HJÓLI MEÐ ÁSPÓLAÐRI LÍNU. Fullt verð 9.995 kr.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 7.995 KR.
STRAX Í VOR OG NJÓTTU Í ALLT SUMAR.
FYLGDU OKKUR Á FACEBOOK
FERSKAR FRÉTTIR, SPJALL OG FYRIRSPURNIR.
VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLA 8 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 568 8410 | veidihornid.is
OPIÐ ALLA DAGA
ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR – ÞAÐ ÞÝÐIR BARA EITT: VEIÐIHORNIÐ ER OPIÐ ALLA DAGA VIKUNNAR.
Verið velkomin

# Veiðimenn yngjast talsvert

Gunnar Bender hefur fjallað um veiði í dagblöðum og tímaritum í áratugi. Fáir vita meira um stangveiði. Gunnar hlakkar til sumarsins og segir það ánægjulegt að ungum veiðimönnum fjölgi.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Gunnar segir að veiðitímabilið hafi byrjað 1. apríl og það hafi ekki verið neitt aprílgabb. „Veiðin undanfarna daga hefur gengið langt framar vonum miðað við hvað það var kalt í veðri,“ segir hann. „Þeir fengu til dæmis um 150 fiska í Litluá í Kelduhverfi sem er ótrúlegur árangur í þessum kulda. Það var bæði bleikja og urriði. Einnig var ágætis veiði við Kirkjubæjarklaustur. Öllum vorfiski er sleppt í ána aftur. Það er mjög lítið um það í vorveiði að menn séu að veiða sér til matar,“ útskýrir hann og bætir við að vatnaveiði hefjist 1. maí og þá taki menn aflann. „Laxveiðin hefst síðan í byrjun júní.“

## Ekki rigningasumar aftur

Gunnar hefur áhyggjur af snjóleysi fyrir áramótin. „Það kom ágætis tímabil en nú er eiginlega allur snjór farinn. Það hefur áhrif á vatn í ánum,“ segir hann. „Mann langar ekki í annað rigningasumar en vissulega er áhyggjuefni hversu lítið vatn er í ánum. Eins árs laxinn á eftir að skila sér ágætlega en það er svolítið óljóst hvernig sumarið verður í veiði þótt maður voni það besta. Það er nú samt fólk á öllum aldri sem hlakkar til veiðisumarsins,“ segir hann.

„Það er virkilega mikið fagnaðarefni hversu veiðimenn eru að yngjast. Við þurfum að draga krakkana frá tölvunum. Mun betra fyrir þau að komast út í náttúruna og draga að sér hreina loftið. Það hefur ekki verið mikil endurnýjun í aldri og veiðimenn hafa verið að eldast. Mér finnst því frábært að sjá aukinn áhuga hjá yngra fólki,“ segir Gunnar sem ætlar í nokkrar veiðiferðir í sumar.

## Gott fjölskyldusport

„Konan mín, María Gunnarsdóttir, er mikil veiðiáhugamanneskja. Við ætlum saman í veiði í sumar. Börnin mín hafa líka haft gaman af veiði svo þetta er orðið fjölskyldusport. María er líka skotveiðimaður og hefur verið að kenna mér þá list. Ég fór til dæmis með henni á rjúpu og gæs í haust og fékk að fylgjast með. Það var í fyrsta skipti sem ég fór í skotveiði og við löbbuðum um það bil 50 km. Við fengum nokkrar rjúpur og flotta útiveru. Annars er ég frekar fyrir stangveiðina,“ segir hann.



Gunnar í veiði með dætrum sínum, Önju og Hafrúnu, við Hreðavatn síðastliðið sumar. Dæturnar hafa mikinn áhuga á veiði ekki síður en pabbinn. Þetta er frábært fjölskyldusport. Myndina tók eiginkona Gunnars, María.

> „Við þurfum að draga krakkana frá tölvunum. Mun betra fyrir þau að komast út í náttúruna og draga að sér hreina loftið. Það hefur ekki verið mikil endurnýjun í aldri og veiðimenn hafa verið að eldast.



Gunnar með vænan feng síðastliðið sumar. MYND/MARÍA GUNNARSDÓTTIR

Gunnar hefur gefið út Sportveiðiblaðið með góðum árangri. „Þetta er 39. árið sem blaðið kemur út og svo hef ég verið að vinna veiðiþætti fyrir Hringbraut. Við munum taka upp fleiri þætti í sumar sem fara í sýningu í haust.“ Gunnar segir að það komi alltaf einhverjir frægir veiðimenn hingað á hverju sumri. „Þeir Eric Clapton og David Beckham koma nánast á hverju ári. Báðir frábærir veiðimenn,“ segir hann. „Yfirleitt koma sömu veiðimennirnir aftur og aftur,“ segir Gunnar og bætir því við að hann hafi skroppið að Vífilsstaðavatni í vikunni og þar hafi nokkrir harðjaxlar verið að veiða í kuldanum. „Það er mjög vel af sér vikið.“

Stangveiði hefur alltaf verið vinsæl hér á landi. Til gamans má geta þess að Stangaveiðifélag Reykjavíkur var stofnað 17. maí árið 1939 og heldur því brátt upp á 80 ára afmæli. Tilgangur þess til að byrja með var að halda utan um leigu á Elliðaánum en félagið hefur vaxið og dafnað síðan.






LANCÔME
PARIS







NÝTT ABSOLUE KREM

#IAMTHEONE

# LANCÔME KYNNING

## Í LYFJUM & HEILSU KRINGLU

## FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS, 5. – 7. APRÍL.



**20% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM **LANCÔME** VÖRUM

Glæsilegur kaupauki þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 9.500 kr eða meira á meðan birgðir endast.

## LANCÔME MÆLIR MEÐ: ABSOLUE LÚXUSLÍNUNNI

Rannsóknarstofur Lancôme hafa í meira en 80 ár þróað aðferðir til að ná fram endurnýjandi krafti úr sérræktuðum rósum til að nota í einstaka gæðalínu.

ABSOLUE formúlurnar innihalda hið dýrmæta Grand Rose Extracts, unnið úr þessum öflugu rósakjörnum ásamt Pro-Xylane.

Nýju Absolue kremin kremin koma í tveimur áferðum Soft og Rich cream og hægt er að fá fyllingar í þau.

Kremin örva frumuendurnýjun, þétta húðina, hrukkur og fínar línur virðast minni, húðin mýkri og unglegri og aukinn ljómi.

Absolue er heil lína með augnkremum, Rose drops (glycolic sýra), andlitsvötnum, olíum, serumi, maska og varakremi.



# 20-25 prósent fullorðinna stunda lax- og silungsveiði

Tekjur af lax- og silungsveiði hafa margfaldast á undanförnum árum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar um virði lax- og silungsveiði. Stangveiðimenn greiddu rúma fimm milljarða fyrir veiðileyfi á síðasta ári en talan var um milljarður króna árið 2004.

**4,9** milljarða greiddu stangveiðimenn fyrir veiðileyfi árið 2018.

**2,9** milljarðar er beinn kostnaður innlendra veiðimanna af veiðum.

**2,2** milljarðar er beinn kostnaður erlendra veiðimanna.

**1** milljarður fer í fjárfestingar í veiðihúsum, laxastigum og fleira á ári.

**8,7** milljarða af landsframleiðslu má rekja beint til lax- og silungsveiði eftir að innflutningur hefur verið dreginn frá. Árið 2004 var talan 1,7 milljarðar.

**60** þúsund krónur eru meðaltekjur veiðifélaga á hvern lax með fullri þjónustu í 15 ám.

**95** þúsund eru meðaltekjur á stangardag.

**99** laxveiðiár eru opnar fyrir veiði í rúma 90 daga á sumri að meðaltali.

**47.065** stangardagar (veiði með einni stöng í einn dag) eru því í boði.

**50** prósent skipting er á milli útlendinga og Íslendinga þegar kemur að stangardögum.

**10.600** Íslendingar renna fyrir lax á meðalsumri og um sjö þúsund útlendingar.

**40** prósent þeirra sem veiða í íslenskum ám eru útlendingar. Erlendir veiðimenn eru yfirleitt í meirihluta á dýrasta tíma.

**20-25** prósent fullorðinna Íslendinga stunda lax- og silungsveiðar.

**60** fyrirtæki, félagasamtök og óformlegir hópar leigja íslenskar ár og vötn af veiðifélögum og landeigendum.



**Samkvæmt mati á greiðsluvilja með ferðakostnaðaraðferð var greiðsluvilji stangveiðimanna 818.000 kr. fyrir veiðiferð sem tók að meðaltali 2,3 daga eða 356.000 kr. á dag.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Hingað til lands koma um 7.000 manns á ári til að veiða lax og a.m.k. 5.000 silungsveiðimenn.**

**60-80** þúsund kostar dagurinn með leiðsögumönnum í góðum laxveiðiám á Íslandi.

**12** þúsund útlendingar veiddu lax eða silung árið 2018, varlega áætlað.

**3.500** félagsmenn eru í fjölmennasta veiðifélagi landsins, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur.

**178** veiðihús eru á Íslandi og svefnpláss a.m.k. 1.500.

**650** milljónum eyða veiðimenn að jafnaði í búnað og fatnað á ári.

**356** þúsund krónum eru veiðimenn tilbúnir að eyða á dag í veiðiferð.




- Blaser rifflar
- Sauer rifflar
- Weatherby rifflar
- Anschutz rifflar
- Blaser haglabyssur
- Benelli haglabyssur
- Breda haglabyssur
- Marocchi haglabyssur

HLAÐ SF
Sérverslun skotveiðimannsins

Hlað ehf.
Bíldshöfða 12
Sími: 567 5333
www.hlad.is

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is




GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
job.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Bílar til sölu



**VITO CDI 113 4X4**
Útvega þennan frá Hollandi innan þriggja vikna. Skráður 10/2011. Úrvals bíll, hlaðinn aukabúnaði, reglubundið viðhald, ekinn 254 þús km. Verð, skoðaður og skráður: 1.550 þús án vsk. jb@isfar.is, s. 8973015

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2019 STÓRSPARNAÐUR!**
Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorið beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:

kriben@simnet.is

s. 863 4449

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Felli tré og grysja og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HÚSFÉLÖG.**
Ástandsskoðun fasteigna

Framkvæmdaeftirlit

Ástandskoðun lagnakerfa

Rakavandamál

Verk og kostnaðaráætlun

**Þitt Val ehf**
**s 8448200**
**thittval@simnet.is**

Gluggar og hurðir fyrir íslenskar aðstæður
Í yfir 20 ár hefur Viking selt tréglugga og hurðir á Íslandi
Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar á 5-8 vikum



AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3
210 Garðabær
Sími: 480 0000
www.aflvelar.is
sala@aflvelar.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, myndyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Skemmtanir



# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

# Tilkynningar

## Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 5500**
Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Hótel og baðstaður við Reykholt í Þjórsárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi**
- **Breyting á efnistöku í Svartagilslæk í Berufirði, Djúpavogshreppi**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **6. maí 2019.**

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðissamvinnufélag
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

### Aðalfundur

**Reykjavíkurdeildar Búmanna 2019**

Verður haldinn þriðjudaginn 16.apríl n.k. í Safnaðarheimili Guðríðarkirkju kl.17:30.

**Dagskrá:**
1. Skýrsla stjórnar.
2. Kosning fulltrúa Reykjavíkurdeildar á aðalfund Búmanna.
3. Kosning stjórnar.
4. Fréttir frá aðalstjórn og skrifstofu Búmanna.
5. Önnur mál.

Allir félagsmenn Búmanna í Reykjavík hvattir til að mæta.

Stjórn Reykjavíkurdeildar Búmanna

### ALLT AÐ 6 MW VIRKJUN Í ÞVERÁ Í VOPNAFIRÐI

**Kynning á frummatsskýrslu**

Hafið er mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar allt að 6 MW virkjunar í Þverá í Vopnafirði.

Almenningi gefst kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd ásamt niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum **laugardaginn 6. apríl** nk. Kynningin verður haldin í **félagsheimilinu Miklagarði, Miðbraut 1, Vopnafirði**. Húsið verður opið á milli **kl. 13 og 15**. Skýrslan er einnig aðgengileg á vef Mannvits (www.mannvit.is) og hjá Skipulagsstofnun (www.skipulag.is).

Á staðnum verða fulltrúar frá Þverárdal ehf. og Mannviti.

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

## Tilkynningar

# FRAMKVÆMDALEYFI

Ásvallabraut – auglýsing vegna framkvæmdaleyfis

**Í samræmi við 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi auglýsir Hafnarfjarðarbær útgáfu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda við gatnagerð Ásvallabrautar frá Kaldárselsvegi að Skarðshlíð.**

Framkvæmdaleyfið var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 23. mars sl. Með vísan til 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er þeim sem telja sig eiga lögvarða hagsmuna að gæta vakin athygli á því að kærufrestur er 4 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar.

Nánari upplýsingar á **hafnarfjordur.is**

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR




# Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

# Parhús




## GRÆNALAUT 1

170.9 fermetrar | Verð: 68.000.000

Afhendist fullbúið m/gólfefni, 60x60 flísar










# Einbýlishús



## HJALLALAUT 1

229.7 fermetrar | Verð: 85.000.000

Afhendist fullbúið m/gólfefni, parketflísar





BÚUM BETUR

BYGG

# VERÐDÆMI

Hagstætt fermetraverð

## ENDAÍBÚÐ

Stærð: 147,2 m2.

Verð: 52.500.000 kr. — 356.657 kr. m2

## MIÐJUÍBÚÐ

Stærð: 112,6 m2.

Verð: 44.900.000 kr. — 398.757 kr. m2

## PARHÚS

Stærð: 203,9 m2.

Verð: 71.500.000 kr. — 350.662 kr. m2

## EINBÝLISHÚS

Stærð: 235,5 m2.

Verð: 69.500.000 kr. — 295.116 kr. m2

(Tilbúið til innréttinga, fullbúið að utan)

Verð: 87.500.000 kr. — 371.550 kr. m2

(Fullbúið án gólfefna)

# SÖLUAÐILAR

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4 • Sími 570 4500
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR - TRAUST - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586

STUÐLABERG FASTEIGNASALA
Hafnargötu 20, 230 Reykjanesbær S: 420 4000
Guðlaugur H. Guðlaugsson löggiltur fasteignasali
studlaberg@studlaberg.is

ÞINGHOLT FASTEIGNASALA
Bæjarlind 14-16, 201 Kópavogur S: 512-3600
tingholt@tingholt.is

Skoðið ítarlegan söluvef á www.bygg.is

METNAÐUR

tl.is

# HELGARTILBOÐ!

## OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI




8.000 AFSLÁTTUR

26.995

ÁÐUR ~~34.995~~

ASUS

ASU-VG255H

### 24.5" VG255H LEIKJASKJÁR

Hnökralaus spilun með 1ms svartíma, 75Hz uppfærslutíðni og FreeSync.



steelseries

10.000 AFSLÁTTUR

44.995

ÁÐUR ~~54.995~~

STE-61473

### ARCTIS PRO HEYRNARTÓL

Þráðlaus og þægileg heyrnartól með útdraganlegum hljóðnema og 12m Bluetooth drægni.




20.000 AFSLÁTTUR

ACE-DQ8BUEQ002

### 23.8" ASPIRE SKJÁTÖLVA

Intel i5-7400T Quad Core örgjörvi, 8GB vinnsluminni og 256GB SSD. Mús og lyklaborð fylgja.

129.995

ÁÐUR ~~149.995~~

EPSON



7.000 AFSLÁTTUR

32.995

ÁÐUR ~~39.995~~

EPS-V550

### EPSON PERFECTION V550 SKANNI

Hraðvirkur mynd- og filmuskanni með flýtihnöppum. Hugbúnaður til að lagfæra myndir fylgir.

logitech

LOG-MK710

### MK710 ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

Þægilegt þráðlaust lyklaborð og mús með 10m drægni.



5.000 AFSLÁTTUR

14.995

ÁÐUR ~~19.995~~

1 TB



2.000 AFSLÁTTUR

7.995

ÁÐUR ~~9.995~~

3.000 AFSLÁTTUR

9.995

ÁÐUR ~~12.995~~

2 TB

SEAGATE

SEA-STDR1000307 SEA-STDR2000306

### BACKUP PLUS SLIM FLAKKARI

Hvítur og nettur 2.5" USB3 flakkari

SJÁÐU FLEIRI TILBOÐ Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · HÚSAVÍK · AKRANES

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
5. APRÍL 2019 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1955** Sir Winston Churchill segir af sér sem forsætisráðherra Breta og dregur sig í hlé frá stjórnmálum vegna heilsubrests, 80 ára að aldri.

**1968** Kosningaréttur er lækkaður á Íslandi úr 21 ári í 20 ár.

**1971** Söngleikurinn Hárið er frumsýndur í Glaumbæ.

**1992** Bosnía-Hersegóvína lýsir yfir sjálfstæði eftir þjóðaratkvæðagreiðslu.

**1992** Serbneskar hersveitir setjast um Sarajevó.

**1998** Stærsta hengibrú heims, Akashi Kaikyō-brúin milli eyjanna Shikoku og Honshū í Japan, er opnuð fyrir umferð.

**2006** Slökkvistarfi vegna mikils sinubruna vestur á Mýrum lýkur að fullu.

**2016** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir af sér embætti forsætisráðherra Íslands í kjölfar uppljóstrana um aflandsfyrirtæki hans og eiginkonu hans.

## 80 ára afmæli



**Hulda Sigríður Sigurðardóttir**
fagnar 80 ára afmæli sínu sunnudaginn 7. apríl og af því tilefni bjóða vinir og aðstandendur til kaffidrykkju í Safnaðarheimili Njarðvíkurkirkju frá kl. 15-17.

Þeir sem vilja gleðjast með afmælisbarninu eru velkomnir.



*Júlíana Dögg í porti gamla Miðbæjarskólans þar sem 2. bekkur stundar dansæfingar.* FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Haldið í hefðir í Kvennó

**Gleðin verður við völd í Kvennaskólanum í Reykjavík í dag. Nemendur annars bekkjar dansa um í þjóðbúningum og aldarafmæli nemendafélagsins Keðjunnar verður fagnað.**

Við erum búin að senda bréf til allra fyrrverandi formanna Keðjunnar sem eru á lífi og búa á Íslandi og bjóða þeim í smá veislu í dag, í tilefni af hundrað ára afmæli félagsins. Það eru eitthvað um fjörutíu manns sem hafa boðað komu sína,“ segir Júlíana Dögg Omarsdóttir Chipa, núverandi formaður Keðjunnar, nemendafélags Kvennaskólans.

Júlíana Dögg segir verða mikið um dýrðir því ákveðið hafi verið að halda upp á aldarafmælið á árlegum peysufatadegi skólans. „2. bekkur klæðist þá íslenskum búningum og fer út um allan bæ að dansa. Þegar krakkarnir koma til baka í Kvennó verða fyrrverandi formenn Keðjunnar komnir og hópurinn sameinast í matsal skólans, ásamt núverandi stjórn félagsins. Þar verður boðið upp á kakó og kökur sem fólkið í mötuneytinu hefur búið til og ég býst við að 2. bekkur dansi fyrir okkur. Hann er búinn að vera að æfa síðustu daga, undir leiðsögn Margrétar Helgu Hjartardóttur frönskukennara.“

Júlíana Dögg er í þriðja bekk núna. „Við erum átta í stjórninni, ég tók við formennsku í apríl í fyrra en er að afhenda embættið í næstu viku. Það er dálítið sérstakt að vera í stjórn númer hundrað!“ Hún bendir á að eflaust hafi allir fyrrverandi formenn Keðjunnar tekið þátt í peysufatadeginum á sínum tíma, því hann hafi verið haldinn árlega síðan 1921. gun@frettabladid.is

### Keðjan

Nemendafélagið Keðjan var stofnað í febrúar 1919. Það vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn Keðjunnar er jafnframt nemendaráð skólans.

Ýmsar gamlar hefðir lifa í félagslífi nemenda svo sem eplaball og peysufatadagur. Tjarnardagar og dimission eru meðal þess sem nýrra er. Einnig söngvakeppnin Rymja.



Elskulegi yndislegi sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Friðrik Jens Guðmundsson**

lést á heimili sínu 2. apríl sl. Útför Friðriks Jens verður gerð frá Bústaðakirkju 12. apríl kl. 13.

**Guðmundur Friðriksson** — **Helga Óskarsdóttir**
**Sigrún Áslaug Guðmundsd.** — **Pétur Reynir Jóhannesson**
**Rannveig Guðmundsdóttir** — **Kári Auðun Þorsteinsson**
**og frændsystkini.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðbrandur Þórðarson**

lést miðvikudaginn 27. mars. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 9. apríl klukkan 13. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Björgunarsveitina Ósk Búðardal.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Marta Þorsteinsdóttir**
**Margrét Guðbrandsdóttir** — **Stefán Bjarnason**
**Þorbjörg Guðbrandsdóttir** — **Þórður Pálsson**
**Svanberg Guðbrandsson** — **Þóra Skúladóttir**
**Reynir Guðbrandsson** — **Bjarnheiður Jóhannsdóttir**
**Þorsteinn Guðbrandsson** — **Theodóra Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, bróðir, mágur, afi og langafi,

**Bergleif Gannt Joensen**
veitingamaður,

varð bráðkvaddur á Kanaríeyjum fimmtudaginn 14. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju laugardaginn 6. apríl klukkan 11. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir.

**Jóhanna Kristín Reynisdóttir**
**Þorsteinn Joensen**
**Jóhann Joensen**
**Bergleif Joensen**
**Reynir Gannt Joensen** — **Emeline Bouichou**
**Bjarki Gannt Joensen** — **Ólöf Sif Halldórsdóttir**
**Thelma Gannt Joensen** — **Þórir Arnar Jónsson**
**Kristín Sigurðardóttir** — **Reynir Jóhannesson**
**barnabörn, barnabarnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.**



Innilegar þakkir fyrir veitta samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Þórunnar Sigurðardóttur**

**Erna Einarsdóttir**
**Sigurður Einarsson** — **Arndís Björnsdóttir**
**Einar Þór Daníelsson**
**Hildigunnur Daníelsdóttir** — **Árni Garðarsson**
**Þóra Jensdóttir**
**Helga Þórunn Óttarsdóttir** — **Gústav Arnar Davíðsson**
**Þórunn Sigurðardóttir**
**Björn Sigurðsson**
**og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Brynjólfur Samúelsson**

lést á Landspítala Fossvogi 31. mars sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju, miðvikudaginn 10. apríl kl. 15.

**Bjarni Brynjólfsson** — **Ingibjörg Anna Arnarsdóttir**
**Theodór Brynjólfsson** — **Bryndís Kvaran**
**Berglind Hulda Theodórsdóttir, Ragnhildur Björk Theodórsdóttir, Ásthildur Dóra Þórsdóttir**
**Margrét Edda Lian Bjarnadóttir, Þorbjörg Anna Qing Bjarnadóttir**
**Samúel J. Samúelsson, Friðgerður Samúelsdóttir**



Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför systur okkar og mágkonu,

**Guðríðar Stefánsdóttur**
frá Norður-Reykjum,

sem lést þann 9. mars sl. Starfsfólki Brákarhlíðar eru færðar sérstakar þakkir fyrir alúð og umönnun.

**Þorvaldur Stefánsson**
**Sigríður Stefánsdóttir**
**Þórður Stefánsson** — **Þórunn Reykdal**
**og fjölskyldur.**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Helgason**
Seglbúðum,

lést á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum þann 2. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Þorkelsdóttir**
**Björn Sævar Einarsson** — **Guðrún Marta Torfadóttir**
**Helga Dúnu Jónsdóttir** — **Þórarinn Bjarnason**
**Bjarni Þorkell Jónsson** — **Gréta Rún Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**





FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**Opnunartímar:**
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS
*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 1 ↙ |
| Ísafjörður | -1 | 1 ↙ |
| Akureyri | 3 | 2 ↘ |
| Egilsstaðir | 4 | 2 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 2 ↘ |
| Hveravellir | -3 | 6 ↘ |

Snýst í norðaustan 3-8 í dag, en 8-13 norðvestanlands síðdegis og einnig við suðausturströndina. Skýjað og sums staðar lítilsháttar slydda eða snjókoma norðan til á landinu en bjartviðri syðra. Hiti 1 til 7 stig að deginum, en víða næturfrost.

## Laugardagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 4 ↖ |
| Ísafjörður | -1 | 3 ↑ |
| Akureyri | 2 | 4 ↑ |
| Egilsstaðir | 2 | 4 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 2 ↖ |
| Hveravellir | -4 | 5 ↗ |

## Sunnudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 | 4 ← |
| Ísafjörður | 0 | 1 ↑ |
| Akureyri | -2 | 1 ↑ |
| Egilsstaðir | 0 | 2 ↖ |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 4 ↖ |
| Hveravellir | -3 | 1 ↘ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | 6 | 9 |
| 9 | | | 2 | 6 | | 5 | | |
| 2 | | 7 | | 9 | | | 1 | 4 |
| | | | | | 8 | | | 3 |
| | 9 | | | 7 | 4 | | 8 | 1 |
| | 4 | 3 | | | | 7 | | |
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| | 5 | | | 8 | 2 | | | |
| | 2 | | 7 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | 4 | | 2 | 6 | 8 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 5 | | | 1 | | 7 | | |
| | | | | | 4 | 8 | 2 | |
| 8 | 1 | 4 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | | 6 | | | |
| 4 | | | | 7 | | 5 | 1 | |
| | 3 | | | | | | | 2 |
| 6 | | 9 | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | | 7 | | 6 | | 8 | 2 |
| 4 | | | | | | | | |
| 9 | 7 | | 4 | | | | 3 | |
| 5 | 4 | 6 | | | | | 9 | |
| | | | | 9 | | 1 | | |
| 1 | | 4 | | | 8 | | | |
| | 3 | | 9 | | | | | 7 |
| | 8 | | | | | | 5 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. feldur
5. tímabil
6. snæddi
8. klaufaskapur
10. kyrrð
11. draup
12. bréfspjald
13. umsögn
15. titill
17. smíða

**LÓÐRÉTT**
1. lífsspursmál
2. mælieining
3. röst
4. ýtarlega
7. duttlungar
9. grína
12. vellíðan
14. lærir
16. munni

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** skinn, **5.** tíð, **6.** át, **8.** ólagni, **10.** ró, **11.** lak, **12.** kort, **13.** álit, **15.** lektor, **17.** skapa.
**LÓÐRÉTT:** **1.** stórmál, **2.** kíló, **3.** iða, **4.** nánar, **7.** tiktúra, **9.** glotta, **12.** kikk, **14.** les, **16.** op.

## Skák Gunnar Björnsson

Tschechover átti leik gegn Kan í Leníngrad árið 1933.

**1. Dd5+! Hxd5 2. Bxd5+ Kh8 3. Hxa2 1-0.** Kjartan Maack, varð hraðskákmeistari öðlinga. Á sunnudaginn verður Bikarkeppnin í hraðskák haldin í RÚV. Bein útsending hefst kl. 15. Teflt verður eftir útsláttarfyrirkomulagi. Þátt taka Hannes Hlífar Stefánsson, Helgi Áss Grétarsson, Hjörvar Steinn Grétarsson og Jóhann Hjartarson.

**www.skak.is:** GAMMA Reykjavíkurskákmótið.

Hvítur á leik



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 6 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 | 6 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

### Ég er hætt að flýja

„Það hefur verið svartur skuggi á sálinni í langan tíma,“ segir tónlistarkonan **Kristín Anna Valtýsdóttir**. Eftir að hún hætti í múm í kjölfar erfiðrar reynslu dró hún sig inn í skel og hélt listsköpun sinni að miklu leyti út af fyrir sig. Hún gaf nýverið út plötuna I Must Be the Devil en fyrsta lagið á plötunni var samið fyrir tólf árum.





### Glataði minningum

**Gunnhildur Una Jónsdóttir** var sett í raflostsmeðferð við djúpu, óbærilegu þunglyndi og glataði hluta minninga sinna.

### Gefst aldrei upp

**Brahim Ghali**, forseti Vestur-Sahara, ræðir um sjálfstæðisbaráttuna, hernám Marokkómanna í landinu og stríðsglæpaásakanir á hendur sér, sem hann segir tilhæfulausar og pólitískar.



**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

# STARFSEMI Á ÁRINU 2018

## Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins LSR



## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2018

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 30.558 | 2.150 | 1.065 | 33.773 |
| Lífeyrishækkanir | 0 | 19.743 | 0 | 19.743 |
| Uppgreiðslur og innborganir vegna skuldbindinga | 0 | 6.547 | 0 | 6.547 |
| Lífeyrir | (7.476) | (49.869) | (510) | (57.856) |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 29.543 | 15.860 | 780 | 46.183 |
| Rekstrarkostnaður | (688) | (599) | (13) | (1.300) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 51.937 | (6.167) | 1.321 | 47.091 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 555.130 | 255.059 | 15.498 | 825.687 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok | 607.067 | 248.892 | 16.820 | 872.779 |

Fjárhæðir í milljónum króna.

## Efnahagsreikningur 31.12.2018

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 229.555 | 115.461 | 5.795 | 350.811 |
| Skuldabréf | 359.955 | 117.946 | 3.008 | 480.909 |
| Bundnar bankainnstæður | 0 | 0 | 7.593 | 7.593 |
| Aðrar fjárfestingar | 0 | 59 | 0 | 59 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 447 | 0 | 0 | 447 |
| Bankainnistæður | 15.149 | 16.601 | 421 | 32.172 |
| Kröfur | 2.364 | 500 | 25 | 2.889 |
| Skuldir | (403) | (1.675) | (23) | (2.101) |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok | 607.067 | 248.892 | 16.820 | 872.779 |

Fjárhæðir í milljónum króna.

## Kennitölur 2018

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign Leið I | Séreign Leið II | Séreign Leið III | LSR samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 5,2% | 6,5% | 4,5% | 5,3% | 5,4% | 5,6% |
| Hrein raunávöxtun | 1,8% | 2,9% | 1,2% | 1,9% | 2,0% | 2,1% |
| 5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar | 4,8% | 4,8% | 3,8% | 3,7% | 2,1% | 4,7% |
| 10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar | 4,4% | 4,8% | 5,2% | 5,0% | 2,6% | 4,6% |
| Verðbréfaeign í íslenskum krónum | 71,9% | 63,2% | 57,3% | 75,7% | 100,0% | 69,5% |
| Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum | 28,1% | 36,8% | 42,7% | 24,3% | 0,0% | 30,5% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 26.495 | 2.164 | 976 | 582 | 1.486 | 31.703 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 7.177 | 16.431 | 41 | 26 | 130 | 23.805 |
| Skrifst. og stjórnunarkostn. í % af meðalstöðu eigna | 0,12% | 0,23% | 0,09% | 0,09% | 0,07% | 0,15% |

## Lífeyrisskuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2018

| | A-deild LSR |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 93.268,2 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | 18,8% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | (33.861,2) |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -3,5% |

Fjárhæðir í milljónum króna.

# Ársfundur

Ársfundur LSR verður haldinn fimmtudaginn 23. maí 2019 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Ársfundur er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

## Hrein eign til greiðslu **lífeyris**




## Verðbréfaeign **LSR**




## Stjórn **LSR**

Unnur Pétursdóttir, formaður
Gunnar Björnsson, varaformaður
Árni Stefán Jónsson
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Ragnar Þór Pétursson
Viðar Helgason
Þórveig Þormóðsdóttir

**Framkvæmdastjóri LSR**
Haukur Hafsteinsson

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11 • 105 Reykjavík • Sími: 510 6100 • www.lsr.is

# Landslið í sviðsdansi horfir til Portúgals

**Undankeppnin fyrir Dance World Cup var í fyrsta sinn haldin hér á landi. Sjálf keppnin fer fram í Portúgal í júní. Sesselja G. Magnúsdóttir mætti í Borgarleikhúsið og fylgdist með hinum ungu dönsurum.**



Alls voru 300 einstaklingar skráðir í keppnina sem var mun meira en búist hafði verið við. MYNDIR/JÓHANN JÓHANNSSON

Það var gríðarleg stemming í Borgarleikhúsinu laugardaginn 30. mars þegar undankeppni fyrir Dance World Cup var haldin í fyrsta sinn hér á landi. Foreldrar, systkini og vinir voru mætt til að styðja sitt fólk og skólafélagar létu vel í sér heyra fyrir og eftir atriðin. Það var greinilega mikil spenna fyrir því að komast í „landslið“ Íslands í sviðsdansi fyrir 25 ára og yngri. Alls voru 300 einstaklingar skráðir í keppni á aldrinum 6 ára til 25 ára en sá fjöldi var miklu meiri en skipuleggjendur höfðu gert ráð fyrir. Keppt var í fjórum aldurshópum; níu ára og yngri, tíu til þrettán, fjórtán til sautján og átján til tuttugu og fimm og í mismunandi flokkum eftir fjölda nemenda í atriði, þ.e. eindansi, tví- og þrídansi, litlum hópum og stórum hópum.

### Lokakeppnin í Portúgal

Í Dance World Cup er öllum stílum sviðsdansins gert jafn hátt undir höfði. Í keppninni í Borgarleikhúsinu var keppt í flokkunum hip hop, street dance, commercial dance, nútímadansi, lyrical, ballett, samtímadansi, akróbatik, steppi, djassdansi, söngleikjadansi, söng og dansi og show dansi. Þannig voru krakkar og ungmenni frá mismunandi dansskólum og mismunandi stílum leidd saman á einn stað til að keppa um sæti í lokakeppninni sem haldin verður í Braga í Portúgal í júní þetta árið. Veitt eru verðlaun í hverju flokki fyrir sig en til að öðlast þátttökurétt í lokakeppninni þurftu einstaklingar og eða hópar að ná lámarksstigafjölda fyrir atriðin sín. Miðað við hvað stór hópur náði því lágmarki þá er dansmenntun hér á landi í góðu málum.

### Árleg keppni

Dance World Cup er alþjóðleg keppni í sviðsdansi fyrir nemendur og unga dansara (ekki atvinnudansara) undir 25 ára. Hún hefur verið haldin árlega síðan 2004 til skiptis í þátttökulöndunum og er markmið keppninnar að gefa börnum og ungu fólki sem stundar hina fjölbreyttustu stíla sviðsdansins tækifæri til að hittast, reyna með sér, kynnast, fara í tíma hjá færustu kennurum og ekki síst að sjá hvað aðrir eru að gera. Hugmyndina að keppninni má rekja til danskeppninnar All England sem haldin hefur verið frá 1923 fyrir börn og unglinga sem stunda alla mögulega stíla sviðsdansins. Þaðan þróaðist hún til Þýskalands en árið 1983 var fyrsta danskeppnin með þessu sniði haldin í München. Sú keppni átti eftir að draga til sín börn og ungmenni frá öðrum löndum auk þess sem keppnir með þessu sniði spruttu upp út um allan heim. Það var svo 2004 sem ákveðið var að taka hugmyndina lengra og stofna til alþjóðlegrar keppni í þessum anda undir nafninu Dance World Cup. Árið 2018 tóku um tuttugu og fimm þúsund nemendur frá 54 löndum þátt í undankeppnum fyrir hina eiginlegu lokakeppni sem haldin var í borginni Sitges á Spáni en þar voru um fimm þúsund nemendur saman komnir ásamt kennurum, foreldrum og öðrum stuðningsaðilum.

**DANSINN ER HUGÐAREFNI STELPNA OG ÞVÍ ER ÞAÐ ÓTRÚLEGA MIKILVÆGT STARF Í ÞÁGU TÓMSTUNDA FYRIR STÚLKUR SEM UNNIÐ ER Í ÞEIM SKÓLUM SEM SENDU FULLTRÚA Í KEPPNINA.**

### Kvenleg orka

Það eru dansskólarnir sem standa á bak við skráningu nemenda sinna og það er frábært að sjá hversu margir skólar eru starfandi hér á landi en þátttakendur í undankeppninni komu frá 15 dansskólum, flestum af suðvesturhorninu en einnig Akureyri. Fjöldi nemenda sem tóku þátt og þeirra sem unnu sér inn þátttökurétt í lokakeppninni sýnir glögglega að mjög gott starf er unnið í öllum þessum skólum. Undankeppnin í Borgarleikhúsinu var eins og aðrir viðburðir tengdir dansi lituð af kvenlegri orku. Stúlkur voru í miklum meirihluta keppenda, aðeins örfáir strákar stigu á svið. Dansinn er hugðarefni stelpna og því er það ótrúlega mikilvægt starf í þágu tómstunda fyrir stúlkur sem unnið er í þeim skólum sem sendu fulltrúa í keppnina. Þessir skólar eru grunnurinn að tómstundavali hundraða stúlkna. Skólar sem allir eru til vegna dugnaðar kvenna sem leggja allt sitt í rekstur þeirra.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**



Stúlkur voru í miklum meirihluta keppenda.

# Íslenskum rithöfundum vel tekið í Gdansk

Síðastliðinn sunnudag lauk vel heppnaðri þriggja daga bókamessu sem haldin var í hafnarborginni Gdansk í Póllandi. Ísland var heiðursgestur messunnar og höfundunum frá Íslandi var afar vel tekið og sýndu Pólverjar þeim og íslenskum bókmenntum einstaklega mikinn áhuga. Fjölmenni var á messunni alla dagana og fjölbreytt dagskrá; pallborð, upplestrar, vinnustofur og fleiri viðburðir sem voru vel sóttir og messustaðurinn, Polish Baltic Philharmonic, iðaði af lífi.

Rithöfundarnir Hallgrímur Helgason, Einar Kárason, Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Elísabet Kristín Jökulsdóttir voru sérstakir heiðursgestir messunnar og tóku öll þátt í pallborði um bækur sínar, íslenskar bókmenntir, þýðingar, menningu, stjórnmál og annað sem brann á spyrlunum og gestum messunnar sem tóku virkan þátt í málstofum. Á íslenska básnum voru nýjar íslenskar bækur sem og bækur eftir íslenska höfunda í pólskri þýðingu.

Einar Kárason ræddi við Agötu Lubowicka og Karolinu Drozdowska frá pólsku þýðendasamtökunum um norrænar bókmenntir fyrir fullu húsi. Hann tók einnig þátt í pallborði með pólskum útgefanda sínum, Marpress, þar sem rætt var um Stormfugla, sem von er á í pólskri þýðingu í haust. Útvarpið í Gdansk tók einnig viðtal við Einar.

Sigríður Hagalín Björnsdóttir ræddi við bókmenntablaðamanninn Adam Szaja um bækur sínar en Eyland kom út í Póllandi á síðasta ári og von er á Hinu heilaga orði í pólskri þýðingu Jacek Godek á næstunni. Að því loknu áritaði Sigríður Eyland, eða Wyspu eins og hún heitir á pólsku, fyrir áhugasama og seldist upplag útgefandans upp á staðnum.

Hallgrímur Helgason tók þátt í pallborði um lýðræði og bókmenntir. Með Hallgrími voru borgarstjóri Gdansk, Aleksandra Dulkiewicz, og höfundurinn Tomasz Swoboda.

Elísabet Kristín Jökulsdóttir var einnig í málstofu um verk sín, líf og skáldskap og las upp úr ljóðabókinni Ástin ein taugahrúga. Enginn dans við Ufsaklett og einnig las þekkt pólsk leikkona, Małgorzaty Brajner, ljóð úr bókinni í pólskri þýðingu Jacek Godek. **– kb**




Sigríður Hagalín Björnsdóttir áritar kampakát pólsku útgáfuna af Eylandi.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. APRÍL 2019

**Hvað?** Viðvörun úr norðri – Opin málstofa
**Hvenær?** 13.00-15.30
**Hvar?** Norræna húsið
Fjallað verður um mikilvægi þess að ná 1,5°C markmiðinu. Fram koma vísindamenn, samningamenn og ráðgjafar í loftslagsmálum víðsvegar að úr heiminum til að ræða stöðuna. Málþingið fer fram á ensku og er öllum opið.



Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður stýrir málþingi um asíska list á ensku í Veröld – húsi Vigdísar.

**Hvað?** Málþing um asíska list – á ensku
**Hvenær?** 15.00-17.00
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður opnar þingið. Mongólski listfræðingurinn Uranchimeg Tsultem fjallar um Búdda í myndlist nútímans, Þórir Jónsson Hraundal Miðausturlandafræðingur segir frá arabískum munum á víkingaöld, Huimin Qi, forstöðumaður Konfúsíusarstofnunar, ræðir um sýndarveruleika kínversku óperunnar, Hlynur Helgason listfræðingur talar um verk palestínsku myndlistarkonunnar Emily Jacir og Gunnella Þorgeirsdóttir þjóðfræðingur segir frá japanska listforminu netsuke. Boðið verður upp á léttar veitingar. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

**Hvað?** Myndlistarsýning opnuð
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Menntasetrið við Lækinn, Skólabraut 1, Hafnarfirði
Kristbergur Ó. Pétursson myndlistarmaður opnar sýningu á olíumálverkum sínum. Þau eru gerð á þessu ári og næstliðnum árum. Sýningin er á annarri hæð og þess skal getið að ekki er lyfta í húsinu. Sýningin er opin alla virka daga og lýkur 19. apríl.

**Hvað?** Klám
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hannesarholt, risloftið
Verðlaunaritið Stund klámsins – Klám á Íslandi á tímum kynlífsbyltingarinnar sem Sögufélag gefur út verður til umfjöllunar. Höfundurinn, Kristín Svava Tómasdóttir, mun lesa úr bókinni og ræða efni hennar við Guðrúnu Elsu Bragadóttur bókmenntafræðing. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Uppistand
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði 8
Meistari Jakob, Andri Ívars og Stefnir lofa skemmtilegu kvöldi sem haldið er til styrktar börnum með einhverfu.

**Hvað?** Skerpla og Bergrún Snæbjörnsdóttir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Tónleikar í röðinni Verpa eggjum. Flytjendur eru Bergrún Snæbjörnsdóttir og Skerpla sem er hópur sem kannar, skapar og flytur tónlist af tilraunakenndum toga. Í honum eru Alicia Achaques, Bergþóra Linda Ægisdóttir, Ísidór Jökull Bjarnason, Karl Magnús Bjarnarson, Kári Sigurðsson, Oddur Örn Ólafsson og Steinunn Björg Ólafsdóttir. Miðaverð er 2.000 krónur.



Kristín Svava Tómasdóttir les úr Stund klámsins og ræðir efni hennar í Hannesarholti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


## Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is

### Matthildur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 05.04 | Kl 19:00 | U | Fim 25.04 | Kl 19:00 | U | Fim 16.05 | Kl 19:00 | U | Fim 06.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Sun 07.04 | Kl 19:00 | U | Fös 26.04 | Kl 19:00 | U | Mið 22.05 | Kl 19:00 | Ö | Fös 07.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Mið 10.04 | Kl 19:00 | U | Sun 28.04 | Kl 19:00 | U | Fim 23.05 | Kl 19:00 | Ö | Mán 10.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Fös 12.04 | Kl 19:00 | U | Þri 30.04 | Kl 19:00 | U | Sun 26.05 | Kl 19:00 | Ö | Fim 13.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Lau 13.04 | Kl 13:00 | U | Fim 02.05 | Kl 19:00 | U | Mið 29.05 | Kl 19:00 | Ö | Fös 14.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Sun 14.04 | Kl 19:00 | U | Mið 08.05 | Kl 19:00 | U | Fim 30.05 | Kl 19:00 | Ö | Sun 16.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Þri 16.04 | Kl 19:00 | U | Fim 09.05 | Kl 19:00 | U | Sun 02.06 | Kl 19:00 | Ö | | | |
| Mið 24.04 | Kl 19:00 | U | Mið 15.05 | Kl 19:00 | U | Mið 05.06 | Kl 19:00 | Ö | | | |

### Elly
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 06.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 | ÖL |
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | Ö | | | |
| Lau 27.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 17.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | Ö | | | |

### Ríkharður III
Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 04.04 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 11.04 | Kl. 20:00 | ÖL |

### Kvenfólk
Nýja sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 06.04 | Kl. 20:00 | UL |

### Kæra Jelena
Litla sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | U | Mið 15.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | | | |
| Þrið 24.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 | U | Fös 10.05 | Kl. 20:00 | Ö | | | |

### Club Romantica
Nýja sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 05.04 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 13.04 | Kl. 20:00 | L |

### Bæng!
Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 23.05 | Kl. 20:00 | U |
| Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 | Ö |

### Kvöldvaka með Jóni Gnarr
Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U |

### Allt sem er frábært
Litla sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 11.05 | Kl. 20:00 | ÖL |

## Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is

### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 07.04 | kl. 13:00 | U | Sun 28.04 | kl 13:00 | U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 | U | Sun 26.05 | kl. 13:00 | Ö |
| Sun 07.04 | kl. 16:00 | U | Sun 28.04 | kl. 16:00 | U | Lau 18.05 | kl. 13:00 | Au | Sun 26.05 | kl. 16:00 | Au |
| Lau 13.04 | kl. 12:00 | U | Sun 05.05 | kl. 13:00 | U | Lau 18.05 | kl. 16:00 | Au | Sun 2.6 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 14.04 | kl. 13:00 | U | Sun 05.05 | kl. 16:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 | Ö | Lau 8.6 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 14.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 12.05 | kl 13:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 | Ö | | | |

### Einræðisherrann
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13.04 | kl. 19:30 | U | Lau 04.05 | kl. 19:30 | Ö | Mið 08.05 | kl. 19:30 | |

### Jónsmessunæturdraumur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 06.04 | kl. 19:30 | U | Fös 03.05 | kl. 19:30 | Ö | Mið 22.05 | kl. 19:30 | |
| Fös. 12.04 | kl 19:30 | U | Fim 09.05 | kl. 19:30 | | | | |

### Þitt eigið leikrit
Kúlan

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 06.04 | kl. 15:00 | U | Sun 07.04 | Kl. 17:00 | U | Lau 13.04 | kl. 17:00 | | Sun 28.04 | Kl. 17:00 | |
| Sun 07.04 | kl. 15:00 | U | Lau 13.04 | kl. 15:00 | U | Sun 28.04 | kl. 15:00 | | | | |

### Súper
Kassinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 06.04 | kl. 19:30 | U | Fim 11.04 | kl. 19:30 | U | Mið 24.04 | kl. 19:30 | Ö | Lau 27.04 | kl. 19:30 | Au |
| Mið 10.04 | kl. 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 | U | Fös 26.04 | kl. 19:30 | U | Þri 30.04 | kl. 19:30 | Au |

### Loddarinn
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau27.04 | kl. 19:30 | U | Fim 02.05 | kl. 19:30 | U | Lau 11.05 | kl. 19:30 | U | Fim 23.05 | kl. 19:30 | |
| Þri 30.04 | kl. 19:30 | U | Fös 10.05 | kl. 19:30 | U | Fös 17.05 | kl. 19:30 | U | | | |

### Brúðkaup Fígarós
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 07.09 | kl. 19:30 | Ö | Fös 20.09 | kl. 19:30 | | Lau 28.09 | kl. 19:30 | |
| Sun 15.09 | kl. 19:30 | | Lau 21.09 | kl. 19:30 | | Lau 05.10 | kl. 19:30 | |

### Mið-Ísland
Leikhúskjallarinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 06.04 | kl. 19:30 | Ö | Lau 06.04 | Kl. 22:00 | U |

### Improv
Leikhúskjallarinn

| | |
|---|---|
| Mið 10.04 | kl. 20:00 |

### Dimmalimm
Brúðuloftið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 06.04 | Kl. 14.00 | U | Lau 13.04 | kl. 15:30 | | Lau 17.04 | kl. 15:30 |
| Lau 06.04 | kl. 15:30 | | Lau 27.04 | kl. 14.00 | | | |

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA OFBELDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

ALÞJÓÐLEG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐ
Benjamín Dúfa -->1.000 kr! 18:00
Everybody Knows (ICE SUB) 17:30
Birds of Passage (ICE SUB) 17:30
FÖSTUDAGSPARTÍSÝNING
Legally Blonde kl.20:00

FRUMSÝNING! Girl (ICE SUB) 20:00
Mug // Twarz (ICE SUB) 20:00
Everybody Knows (ICE SUB) 22:00
Capernaum (ENG SUB) 22:15
Girl (ENG SUB) 22:15



Meistaradagar alla helgina í beinni



**Föstudagur**
Pílukast kl. 21.15 RÚV 2

**Laugardagur**
Rafíþróttir: FIFA kl. 14.15 RÚV
Sund kl. 16.30 RÚV

**Sunnudagur**
Badminton kl. 12.45 RÚV
Skák kl. 15.00 RÚV
Keila kl. 16.00 RÚV

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2013-2014 Akranes - Reykjanesbær**
**14.00 92 á stöðinni**
**14.30 Séra Brown**
**15.15 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni Ólafur Arnalds**
**15.40 Í saumana á Shakespeare - Hugh Bonneville**
**16.40 Fjörskyldan**
**17.25 Landinn**
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 KrakkaRÚV**
**18.06 Hvergidrengir**
**18.30 Sögur - Stuttmyndir Draugaveröldin** Sigrún Æsa er ein af þeim sem sendu inn handrit í sögusamkeppnina okkar hér á KrakkaRÚV og hér er myndin hennar. Höfundur: Sigrún Æsa Pétursdóttir, Rósa Katla: Benedikta Björk Þrastardóttir, Lísa: Salka Björnsdóttir, Lögreglumenn: Konni Gotta & Friðjón Ingi Sigurjónsson, Amman: Linda Kristín Ragnarsdóttir, Guðmunda: Vilborg Guðmundsdóttir.
**18.35 Krakkafréttir vikunnar**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Kanarí**
**20.05 Vikan með Gísla Marteini**
**20.50 Poirot - Sólin var vitni** Hinn siðprúði rannsóknarlögreglumaður, Hercule Poirot, tekst á við flókin sakamál af fádæma innsæi. Poirot safnar kröftum á heilsuhóteli á sólríkri eyju, en þegar kvikmyndastjarna finnst myrt á strönd í nágrenninu dregst hann inn í rannsókn málsins. Leikstjóri: Brian Farnham. Aðalhlutverk: David Suchet, Hugh Fraser og Philip Jackson.
**22.30 Norrænir bíódagar. Einn daginn** Dönsk kvikmynd frá 2016 sem segir frá bræðrunum Elmer og Erik sem eru sendir á drengjaheimili á sjöunda áratugnum. Þar búa þeir við bágar aðstæður og sæta harðræði af hendi forstöðumannsins, Frederiks Heck. Bræðurnir reyna að láta lítið fyrir sér fara en koma sér þrátt fyrir það iðulega í vandræði. Að lokum fá þeir sig fullsadda og með ímyndunaraflið og lífsviljann að vopni hefja þær baráttu gegn harðstjórn Hecks. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.25 The Silence of the Lambs** Óskarsverðlaunahrollvekja frá árinu 1991. Ung alríkislögreglukona leitar eftir aðstoð fyrrverandi geðlæknisins Hannibals Lecters, sem situr í fangelsi fyrir morð, í von um að komast að því hvernig hugarheimur morðingja virkar og stöðva annan raðmorðingja sem gengur laus. Myndin hlaut fimm Óskarsverðlaun, fyrir bestu mynd, bestu leikara í aðalhlutverkum, bestu leikstjórn og besta handritið. Aðalhlutverk: Jodie Foster, Anthony Hopkins og Lawrence A. Bonney. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Valero Texas Open**
**11.00 ANA Inspiration**
**13.00 Valero Texas Open**
**16.00 ANA Inspiration** Bein útsending frá leik ANA Inspiration á LPGA mótaröðinni.
**20.00 Valero Texas Open** Bein útsending frá Valero Texas Open á PGA mótaröðinni.
**23.00 ANA Inspiration** Bein útsending frá leik ANA Inspiration á LPGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Family Guy**
**14.10 Top Chef**
**14.55 Ally McBeal**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 Younger**
**19.30 The Voice US**
**21.00 Transformers. Revenge of the Fallen**
**23.30 Gun Shy**
**01.10 The Tonight Show**
**01.55 NCIS**
**02.40 NCIS. New Orleans**
**03.25 The Walking Dead**
**04.10 The Messengers**
**04.55 Billions**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Brot af eilífðinni George Formby**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landiSkop**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Grár köttur**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur Ralph McTell**
**19.50 Hitaveitan Hammondgæfan, Harlem og fleiri hverfi**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Plágan**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.30 Where to Invade Next**
**12.30 The Edge of Seventeen**
**14.15 The Pursuit of Happyness**
**16.15 Where to Invade Next**
**18.15 The Edge of Seventeen**
**20.00 The Pursuit of Happyness**
**22.00 Winchester**
**23.45 Klovn Forever**
**01.25 Southpaw**
**03.30 Winchester**

## STÖÐ 2

**07.00 Blíða og Blær**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.35 Brother vs. Brother**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Restaurant Startup**
**10.20 Splitting Up Together**
**10.40 The Night Shift**
**11.25 Deception**
**12.10 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.05 Næturvaktin**
**13.30 Næturvaktin**
**14.00 The Circle**
**15.55 Batman and Harley Quinn**
**17.15 Mom**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Impractical Jokers**
**19.50 The Wedding Singer**
**21.25 Gringo**
**23.20 The Hangover Part II**
**01.00 Valerian and the City of a Thousand Planets**
**03.15 Proud Mary**
**04.45 The Circle** Spennumynd frá 2017 með Emmu Watson, Tom Hanks og John Boyega ásamt fleiri stórgóðum leikurum.

## STÖÐ 3

**19.10 The Last Man on Earth**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Angie Tribeca**
**21.15 The Simpsons**
**21.40 American Dad**
**22.05 Bob's Burgers**
**22.30 Game of Thrones**
**23.35 Luck**
**00.30 The Last Man on Earth**
**00.55 The Simpsons**
**01.20 Seinfeld**
**01.45 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Olís-deild karla**
**08.25 Atletico Madrid - Girona**
**10.05 Liverpool - Tottenham**
**11.45 Wolves - Manchester United**
**13.25 Premier League World**
**13.55 Seinni bylgjan**
**15.25 Domino's-deild karla**
**17.05 Domino's körfuboltakvöld**
**17.55 La Liga Report**
**18.25 Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**19.15 Domino's-deild karla** Bein útsending frá leik í undanúrslitum í Domino's-deild karla.
**22.00 Domino's körfuboltakvöld**
**22.50 UFC Greatest Fights**
**23.40 Domino's-deild karla**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.20 Domino's-deild karla**
**09.00 Domino's körfuboltakvöld**
**09.50 Empoli - Napoli**
**11.30 AC Milan - Udinese**
**13.10 Atalanta - Bologna**
**14.50 Úrvalsdeildin í pílukasti**
**17.50 FA Cup Preview Show**
**18.20 PL Match Pack**
**18.50 Southampton - Liverpool** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 UFC Greatest Fights**
**22.25 NBA Special. Kobe Bryant. The Interview**
**23.15 Southampton - Liverpool**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Afmælistilboð!

**Valdar íslenskar vörur á afmælistilboði í öllum verslunum Bónus í apríl - Fjöldi tilboða!**

ÍSLENSKT
gjörið svo vel

# 30 ára BÓNUS

## 1989 - 2019




**598** kr. 170 g

**Bónus Páskaegg**
Nr. 3, 170 g




**259** kr. 462 g

**Stjörnuegg Stórstirni**
6 stór egg, 462 g

1L




**159** kr. 1 l

**Bónus Florida Appelsínusafi,** 1 l

2L




**98** kr. 2 l

**Bónus Kolsýrt Vatn**
2 lítrar, 2 teg.

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Smáratorgi:** Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni og Garðatorgi:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **7. apríl** eða meðan birgðir endast.



Fendi.

# Hjólabuxurnar eru komnar aftur

Það ríkir mikil nostalgía í tískuheiminum um þessar mundir og tískustraumar eins og snjóþvegið gallaefni, axlapúðar og skærir litir eru komnir aftur. Það er hins vegar ein flík sem stendur upp úr, sem varð mjög vinsæl á tíunda áratugnum, og það eru hjólabuxurnar.

Hjólabuxurnar voru áberandi á tískupöllum Chanel, Fendi og Roberto Cavalli og voru annaðhvort notaðar við stuttermaskyrtur, dragtarjakka eða þunna hlýraboli. Glamour hefur tekið saman nokkrar myndir frá tískupöllunum fyrir sumarið, svo þú getir fengið hugmyndir um hvernig þú getur klæðst þínum þegar sumarið loksins kemur.

**eddag@frettabladid.is**



Marine Serre.



Maryam Nassir Zadeh.



Fendi.



Mugler



Roberto Cavalli.

Chanel. NORDICPHOTOS/GETTY

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter




NÝTT
Simple®
SENSITIVE SKIN EXPERTS
HÚÐ- OG HÚÐHREINSIVÖRUR
ÁN ALLRA ILM- OG AUKAEFNA
HENTA VEL FYRIR VIÐKVÆMA HÚÐ
0%
LITAREFNI
ILMEFNI
AUKAEFNI
Nº1* UK FACIAL SKINCARE BRAND
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ SIMPLE
dagana 05. apríl til 15. apríl.
HAGKAUP
Meira svona alla daga

OPNUM
LAUGARDAGINN
6.APRIL
KL.11:00
Á SMIÐJUVEGI 2

ÞÖKKUM
FRÁBÆRAR
VIÐTÖKUR Í
FAXAFENI 14

HRAÐAST
VAXANDI
MATVÖRU
VERSLUNARKEÐJA
Á ÍSLANDI

SUPER 1
MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ
OPIÐ ALLA DAGA TIL 22:00





Kolbrún Kristín gat ekki stillt sig um að setjast hjá Craig Reid á veitingastað í London 1988 og upplýsa hann um miklar vinsældir The Proclaimers á Íslandi. Hún og vinkona hennar höfðu skellt sér í sólarhringsferð til London.

# „Þeir voru náttúrlega algerlega svo lúðalegir“

**Kolbrúnu Kristínu Daníelsdóttur** finnst stórmerkilegt að Proclaimers-tvíburinn Craig Reid muni enn eftir því þegar hún vatt sér að honum í London 1988 með þau óvæntu gleðitíðindi að þeir bræður væru á toppi vinsældalista Rásar 2.



„Þetta er ógeðslega fyndin mynd,“ segir Stína kokkur um myndina sem smellt var af henni með kampakátum Proclaimers-tvíburanum Craig Reid.

Skosku tvíburarnir í The Proclaimers komust í fyrsta skipti með lag á topp vinsældalista þegar vinsældir lagsins I'm gonna be (500 Miles) á Íslandi fleyttu þeim í 1. sæti á vinsældalista Rásar 2. Þeir fréttu af þessu hruni vinsældalistamúrsins fyrir algera tilviljun þegar Kolbrún Kristín Daníelsdóttir, Stína kokkur, vatt sér að öðrum þeirra á veitingastað í London með þessi stórtíðindi.

Craig Reid, annar tvíburanna, rifjaði upp söguna af þessu í viðtali við Fréttablaðið í gær en þeir bræður eru væntanlegir til landsins í fyrsta skipti og verða með tónleika í Hörpu síðar í þessum mánuði.

„Þetta var bara nákvæmlega eins og hann lýsir því,“ segir Stína við Fréttablaðið. „Hann hváði bara og var mjög hissa en ég settist bara við hliðina á honum til þess að segja honum tíðindin. Maður gleymir þessu náttúrlega aldrei og ég hugsa alltaf um þetta þegar ég heyri tónlistina þeirra. Mér finnst nú enn merkilegra að hann skuli muna þetta,“ segir Stína.

**Alger tilviljun**

Stína segir að um algera tilviljun hafi verið að ræða en hún og vinkona hennar hafi ákveðið að skella sér í sólarhringsferð til London, „eins og tíðkaðist þá. Við fórum þarna saman, tvær skvísur.“

Hún stundaði á þessum tíma nám í Hótel- og veitingaskóla Íslands og sagðist hafa verið spennt fyrir að prufa einhvern sniðugan veitingastað meðal annars til þess að smakka önd. „Þannig að við förum á þennan veitingastað sem ég man ekkert hvað heitir. Við sitjum svo þarna og erum að fá okkur að borða og þá sé ég hann bara út undan mér á næsta borði,“ segir Stína sem taldi sér ljúft og skylt að færa Craig fréttirnar frá Íslandi.

**Kódak-móment**

„Vegna þess að þá voru þeir bara aðalnúmerið hérna og búnir að vera í 1. sætinu á Rásar 2 listanum. Ég var svolítið hikandi en hugsaði bara með mér að ég gæti ekki látið þetta ógert. Mér fannst ég alls ekki geta sleppt því, þannig að ég bara vippaði mér yfir til hans og kynnti mig og spurði hvort hann væri ekki annar tvíburanna og hvort hann vissi það að þeir ættu lagið í toppsætinu á vinsældalistanum á Íslandi. Ég varð að tala við manninn, segja honum þetta og fá mynd af mér. Við spjölluðum eitthvað og ég fékk mynd af mér með honum,“ segir Stína.

„Þetta er ógeðslega fyndin mynd. Við tókum þetta bara á Kodak. Þetta var bara Olympus-myndavél með flassi. Hugsaðu þér hvað við vorum heppnar að vera með myndavélina með okkur. Þetta var náttúrlega löngu fyrir tíma símanna og þetta var ekkert „selfie“ sko, fór í framköllun og allt. Þetta var og er enn ferlega sniðugt. Við erum að tala um það að ég var bara að hitta stjörnuna, halló! Bara algjör tilviljun.“

Stínu fannst þessi óvænti fundur í London stórfrétt á sínum tíma og það segir sína sögu að þremur áratugum síðar en þetta enn frétt. „Ég var eitthvað að spá í að fara með þetta í blöðin á sínum tíma. Þetta er náttúrlega mjög merkilegt sko,“ segir Stína og hlær. „Ég ætlaði að skjótast með þetta í Dagblaðið en svo varð aldrei neitt úr því.“

**Eins og Sálin**

Stína segist ekki hafa verið eldheitur Proclaimers-aðdáandi 1988 en hún hafi haft gaman af tónlist þeirra og hafi enn. „Þeir voru náttúrlega algerlega svo lúðalegir en það virkaði greinilega hér og jú, jú, ég fílaði þetta alveg. Ég átti enga plötu með þeim og hlustaði bara á þá í útvarpinu.

Svo var ég að frétta núna, frá kunningjakonu minni sem þekkir vel til í Skotlandi að þeir séu gríðarlega vinsælir í Skotlandi. Hún sagði mér að þeir væru svo þekktir að þeir séu bara eins og Sálin hans Jóns míns þarna úti.“

Stína er kokkur á Flúðum þar sem hún rekur meðal annars veisluþjónustu og vinnur mikið með grænmetið sem þar vex út um allar trissur en ætlar að sjálfsögðu að gera sér kaupstaðarferð 15. apríl og mæta á tónleikana.

„Hvað heldurðu? Ekki spurning og ég býð auðvitað henni Guðbjörgu með mér sem var þarna úti með mér. Þetta var alger ævintýraferð og öndin var sjúklega góð. Ég man það enn þá, krispí appelsínuönd alveg bara í fyrsta skipti á ævinni og hún var geðveik.“

**thorarinn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


BACON TOWER BORGARI
1.299 kr.
Original kjúklingabringa, ostur, beikon, kartöfluskífa, iceberg salat, tómatsósa og léttmajónes
1.999 kr.
Bacon Tower borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og páskasmakk
KFC

# Við se

Í tilefni af tímamótasamningum verður vöffluilmur í loftinu hjá BL í apríl og sölumenn okkar búa sig undir ánægjulega samningalotu. Við bjóðum ykkur velkomin í vöfflukaffi og reynsluakstur og að skoða tilboð á nýjum bílum sem bætt geta lífsgæðin í sumar.




**SUBARU FORESTER**
Premium, sjálfskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: **5.340.000 kr.**
Verð áður frá: 5.690.000 kr.
**AFSLÁTTUR 350.000 KR.**

**RENAULT CAPTUR**
Intens, sjálfskiptur, dísil
TILBOÐSVERÐ: **3.390.000 kr.**
Verð áður frá: 3.650.000 kr.
**AFSLÁTTUR 260.000 KR.**

**RENAULT KOLEOS**
Zen, sjálfskiptur, dísil
TILBOÐSVERÐ: **5.900.000 kr.**
Verð áður frá: 6.250.000 kr.
**AFSLÁTTUR 350.000 KR.**

**RENAULT KADJAR**
Sjálfskiptur, bensín, Turbo, 160 hestöfl
TILBOÐSVERÐ: **4.340.000 kr.**
Verð áður frá: 4.690.000 kr.
**AFSLÁTTUR 350.000 KR.**

ENNEMM / SÍA / NM93359

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# mjum

ALLT AÐ

## 700.000 KR. AFSLÁTTUR

**NISSAN QASHQAI**
Tekna, 2WD, sjálfskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: **4.250.000 kr.**
Verð áður frá: 4.950.000 kr.

AFSLÁTTUR
700.000 KR.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
120.000 KM

**NISSAN NAVARA**
Tekna, ssk., dísil, dráttargeta 3.500 kg
TILBOÐSVERÐ: **6.990.000 kr.**
4X4
FJÓRHJÓLA DRIFINN
Verð áður frá: 7.490.000 kr.

AFSLÁTTUR
500.000 KR.




**NISSAN X-TRAIL**
Tekna, 7 sæta, sjálfskiptur, dísil
TILBOÐSVERÐ: **6.490.000 kr.**
4X4
FJÓRHJÓLA DRIFINN
Verð áður frá: 7.190.000 kr.

AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Búnaður bílanna á myndunum getur verið frábrugðinn þeim sem er innifalinn í auglýstu verði. Athugið að kjörin gilda eingöngu um bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni. Í sumum tilfellum er einungis um einn bíl að ræða.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR
Maríu Bjarnadóttur

## Svívirða

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.“ Þessi grein í kosningalögum lætur lítið yfir sér en hefur verið áhrifavaldur í íslenskum stjórnmálum; stýrt örlögum ríkisstjórna og valdið fjöldamótmælum.

Það sem er svívirðilegt í huga eins er yfirsjón í huga annars. Inntak gildismats er ekki alltaf einhlítt, sérstaklega í svona lýðræðissamfélögum sem þróast. Afstaða til vændis er dæmi um þetta. Mörgum finnst það svívirðilegt brot, öðrum ekki. Lögin virðast hallast að hinu síðara.

Refsinæmi vændiskaupa felur til dæmis ekki í sér flekkun mannorðs í skilningi laga um lögmenn. Það er því ekkert í lögum sem kemur í veg fyrir að lögmaður geti keypt vændi af manneskju, hlotið fyrir það dóm (sem yrði auðvitað aldrei birtur á vefnum því það eru svo viðkvæmar upplýsingar) og væri svo kallaður til sem réttargæslumaður eða skipaður verjandi fyrir viðkomandi síðar.

Svipað á við um lögreglufólk. Almennt gerum við kröfu um að lögreglumenn sem gegna lykilhlutverki við að framfylgja refsilögum séu ekki að fremja refsiverða háttsemi, jafnvel þó það sé frívakt. En þegar íslenskur lögreglumaður varð uppvís að því að kaupa vændi nýlega var vægasta úrræði beitt við úrlausn málsins. Samkvæmt fréttum lét hann svo af störfum að eigin ósk, en var ekki sagt upp. Ég þekki auðvitað ekki til atvika málsins, en ég er alveg viss um að það kaupir enginn vændi óvart. Það eru mistök annars eðlis en að rekast í takka og kveikja óvart á kjarnorkuofninum eins og Hómer Simpson lenti í á vinnutíma. Hann var reyndar ekki rekinn heldur.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk
ON THE GO

Fermingartilboð
Nýjar vörur
ÍSLENSK HÖNNUN
Lín DESIGN ÍSLENSK HÖNNUN
SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

4 DAGA
LAGERSALA
KORPUTORGI
FIMMTUD. TIL SUNNUD.
4. TIL 7. APRÍL
Allt að
80%
afsláttur




- SÓFAR
- HEILSURÚM
- HEILSUDÝNUR
- RÚMGAFLAR
- SÆNGUR
- SÓFASETT
- KODDAR
- HÆGINDASTÓLAR
- SVEFNSÓFAR
- ELDHÚSSTÓLAR
- SÓFABORÐ
- BORÐSTOFUBORÐ
- BORÐSTOFUSTÓLAR
- ÚTLITSGALLAÐ
- SÝNINGAREINTÖK
- O.FL., O.FL.

Opnunartími:
Alla dagana
kl. 12$^{00}$-18$^{00}$

HÚSGAGNA HÖLLIN
Betra BAK
DORMA
Láttu drauminn rætast